



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

19. febrúar 2009

7. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lifandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café • Restaurant • Bar
www.kaffiedinborg.is



Við báðum ekki um sjúkdómana sem fylgja genunum

Jónína Sesselja Guðmundsdóttir á Ísafirði (Ninna), fyrrum kennari á Ísafirði og í Reykjavík og skólastjóri á Broddanesi í Strandasýslu í allmörg ár, hefur átt dálítið krókótta leið á köflum. Kannski samt ekkert krókóttari en margur annar. En hún er tilbúin að segja frá af meira hispursleysi en líklega er algengt opinberlega. Sjá nánar í miðopnu.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur lagt til að gerð verði úttekt á hagkvæmni sameiningar Bolungarvíkur við Ísa-fjarðarþæ og eftir atvikum fleiri sveitarfélaga. Jóhannes Finnur Halldórsson, starfsmaður EMFS, segir ekki ákveðið hvenær úttektin fer fram, en hún yrði í forni óformlegra viðræðna á milli sveitarfélaganna. „Nefndin getur komið að þessu og gerir reyndar alltaf. Það er vilji samgönguráðherra að þessi úttekt fari fram, þetta er að gerast víða. Ég get tekið sem dæmi að viðræður eru nú í gangi milli Grimseyjar og Akureyrar um sameiningu. Þetta er þróun sem er að eiga sér stað úti um alla Evrópu. Við erum að koma þessu sjónarmiði á framfæri og síðan geta sveitarstjórnarmenn átt frumkvæði að þessu, sem yrði langheppilegast,“ segir Jóhannes Finnur. Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, segir tillögurnar vera í samningi á milli nefndarinnar og sveitarfélagsins. Hann segir bæjaryfirvöld í Bolungarvík

Bolungarvík.

A black and white caricature illustration by Billio '09 depicting a group of people at a party. The scene includes a man in a sailor's uniform, a woman with a surprised expression, a man in a military-style uniform holding a rose, a woman in a short dress, a man in a t-shirt holding a glass, a woman in a dark dress holding a bottle, and a man in a plaid shirt sitting on the ground. There are musical notes, a large barrel, and a small lantern in the scene.

2

FIMMTUDAGUR 19. FEBRÚAR 2009

Öðrum áfanga jarðhitaleitar lokið

Öðrum áfanga í leit að heitu vatni í Álftafirði er lokið. Alvarr ehf sá um dýpkun þeirrar holu sem boruð var árið 2006 og gaf góðar vísbendingar um að hitakerfi væri þar að finna. Borað var niður á 280 metra dýpi og

mældist hitinn mestur 28 gráður. Ætlunin var að bora niður á 350 metra en það náðist ekki þar sem krónan, sem er aðalhluti borsins, brotnaði. Er nú í skoðun hvort boruð verði önnur hola á sama svæði til að fá ítarlegri upplýs-

ingar um það hitavatnskerfi sem þar er að finna.

Áætlað er að kostnaður við gerð vinnsluholunnar sé um 25 milljónir króna. Verkefnið er með þeim stærri sem verða í framkvæmd hjá sveitarfélaginu

í ár en Súðvíkingar binda miklar vonir við að finna heitt vatn þar sem það myndi þýða mörg ný tækifæri fyrir atvinnulífið og auka lífsgæði íbúa um leið.

Fyrsti áfangi verkefnisins fór fram haustið 2006 þegar boraðar

voru níu hitastigulsholur Svarf-hól í innanverðum Álftafirði til að kanna hvort heitt vatn væri þar að finna. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og staðfestu að hita-vatnskerfi er á svæðinu sem á að geta gefið 60-70 gráðu heitt vatn.



Helmingur nýskráðra félaga á Vestfjörðum voru í Ísafjarðarbæ.

Nýskráningum hlutafé-laga fækkar á Vestfjörðum

Nýskráningum hluta- og einkahlutafélaga fækkaði mikið milli ára en 44 félög voru stofnuð á Vestfjörðum á síðasta ári á móti 76 árið 2007. Þá voru 2% nýskráðra hluta- og einkahlutafélaga landsins á Vestfjörðum á nýliðnu ári. Til samanburðar má geta þess að á nýliðnu ári voru nýskráningar hlutafé-laga og einkahlutafélaga sex á hverja 1.000 íbúa á Vest-

fjörðum. Flest félögin tengi-ast smábátaútgerð, eða sex talsins, og helmingi færri voru stofnuð um útgerð fiski-skipa. Fjögur félög voru stofnuð vegna hótél- eða veit-ingastarfsemi og þrjú um leigu á atvinnuhúsnæði. Flest félögin voru stofnuð í Ísa-fjarðarbæ eða 22 einkahluta-félög. Því næst komu Bolvík-ingar með níu einkahluta-félög. Rétt ber að geta að árið

2007 var mjög gott ár í ný-skráningum félaga. Aðeins einu sinni frá árinu 1999 hafa nýskráningar verið fleiri, en það var árið 2002 þegar 128 félög voru skráð, eða 16 á hverja 1.000 íbúa. Voru þá 4,1% nýskráðra fyrirtækja skráð á Vestfjörðum. Ný-skráningum fækkaði um tæp 30% á landinu í heild. Flestar nýskráningar voru sem fyrr á höfuðborgarsvæðinu en

nýskráningum fækkaði hlut-fallslega mest á Vesturlandi, eða um 46% frá fyrra ári.

Flestar nýskráningar flokkaðar eftir atvinnu-greinum eru eins og undan-farin ár í starfsemi eignar-haldsfélaga og leigu atvinnu-húsnæðis. Ríflega fjórðungur nýskráðra félaga árið 2008 voru í þessum tveimur atvinnugreinum. – *thelma@bb.is*



Dregið úr snjómokstri

Viðhaldi gatna og gang-stétta í Bolungarvík verður haldið í lágmarki í ár að því er fram kemur í stefnuræðu Elíasar Jónatanssonar, bæj-arstjóri. Þá verður stefnt að því að draga úr kostnaði við snjómokstur. Með þessum aðgerðum hyggst sveitarfé-lagið spara um sex milljónir króna. Þá er gert ráð fyrir að sorphirða verði á 10 daga fresti í stað vikulega en kostn-aður við sorphirði og sorp-förgun hefur aukist mikið á undanförunum árum. Þá eru uppi hugmyndir um að lengja þann tíma upp í tvær vikur yfir vetrartímann. Einnig er gert ráð fyrir að dregið verði úr vöktun gámastöðvar. Nettó-sparnaður við þessar aðgerð-ir er áætlaður um 1,5 millj-ónir króna.

Í stefnuræði bæjarstjóra kemur einnig fram að reikn-að er með sameiningu á starfsemi áhaldahússins á staðnum og eignasjóð sem fækka mun störfum úr fjór-um í 2,5. Með þessum að-gerðum má spara 3,9 millj-ónir króna í ár og um sex milljónir á ársgrundvelli. Þá er í stefnuræðunni gert ráð fyrir að annar rekstrarkostn-aður lækki um 3,3 milljónir króna. – *birgir@bb.is*

Efla þarf vitund íbúa vegna náttúruvár

Bæta þarf upplýsingar og efla vitund íbúa og gesta Ísafjarðar-bæjar vegna náttúruvár. Þetta kemur fram í greinargerð með drögum að aðalskipulagi Ísa-fjarðarbæjar. Lagt er til að gert verði sérstakt vaktort fyrir af Hornstrandasvæðinu fyrir þá sem fara inn á svæðið. Einnig ber að stuðla að öryggi fólks með al-

mennum viðbúnaði og öryggis-áætlunum. „Þar sem ekki eru fyr-irliggjandi gögn um náttúruvá ber að afla þeirra við nánari út-færslur skipulagstillagna og leita álits hjá viðkomandi fagmönnum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúru-vár. Leggja þarf meiri áherslu á vöktun umhverfis til að hægt sé

að skilja umhverfisbreytingar og áhrifin sem þær geta haft á auð-lindirnar“, segir í greinargerð-inni.

Stefna sveitarfélagsins er að verja byggð í þéttbýli á snjó-flóðahættusvæðum með bygg-ingu varnarvirkja. Meta þarf þó í hverju tilviki þá valkosti sem leitt geta til ásættanlegrar áhættu fyrir

íbúa sveitarfélagsins. Í Kubban-um ofan Holtahverfis verður eins og kunnugt er reistur um 260 m langur og 12-18 m hár varnar-garður auk þess sem upptaka-stoðvirki verða sett í hliðar fjalls-ins. Markmið framkvæmdarinn-ar er að auka öryggi íbúa með tilliti til snjóflóða. Framkvæmdin verður í samræmi við breytingu

á Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 og deiliskipulag sem Bæjar-stjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti árið 2007.

Mikilvægt er að draga úr grjóthruni ofan byggðar með því að sprengja reglulega lausagrjót þar sem það á við. Einnig er nauð-synlegt að halda við skurðum til að draga úr áhættu.



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

HÁSKÓLA ÍSLANDS

> MBA nám - áhugakönnun

Háskóli Íslands í samvinnu við Háskólaset Vestfjarða vill kanna áhuga Vestfirðinga á þátttöku í MBA námi við Háskóla Íslands 2009 - 2011.

Ef viðunandi þátttaka Vestfirðinga fæst verður hluti námsins kenndur við Háskólaset Vestfjarða á Ísafirði.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Sigurð Arnfjörð verkefnastjóra hjá Háskólasetri Vestfjarða í síma 450-3043 eða GSM 864-9737.

Vinsamlegast hafði samband sem fyrst og eigi síðar en 1. apríl þar sem umsóknarfrestur í MBA námið rennur út 5. maí.

> „MBA námið í Háskóla Íslands á ávallt að standast samanburð við MBA nám í öðrum sambærilegum skólum. Markmiðið er að skara fram úr.“

mba.hi.is






Tjónið á bílnum er metið á um átta milljónir króna.

Stórskemmdist í Vestfjarðagöngunum

Vöruflutningabifreið frá Flytjanda á Ísafirði, stórskemmdist í Vestfjarðagöngunum í síðustu viku. Bifreiðin var að flytja fisk frá Suðureyri er hún mætti fólksbifreið í gangamunnann Súgandafjarðarmegin og fór utan í hurð í göngunum. Kassi vöruflutningsbifreiðarinnar skekkist allur og ein hliðin fór af honum. Farmurinn, sem bifreiðin flutti, slapp þó að mestu að sögn Hafþórs Halldórssonar, rekstrarstjóra Flytjanda á Ísafirði. „Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem þetta gerist og er að kosta fyrirtækið gríðarlega fjármuni. Það hafa margir speglar á bifreiðum frá okkur eyðilagst við þessar aðstæður og við vorum nýbúnir að skipta um spegla á þessum bíl fyrir 200.000 krónur,“ segir Hafþór.

Hann segir tjónið á bílnum

hlaupa á átta milljónum króna. Aðspurður hvort Flytjandi hafi farið fram á úrbætur vegna slæmra aðstæðna í göngunum segir Hafþór svo ekki vera en það verði eflaust gert eftir þetta óhapp.

„Við höfum oft lent í þessu. Hurðarnar í göngunum eru alltof mjóar og ef svo vill til að tveir bílar koma inn í göngin Súgandafjarðarmegin, á sama tíma, þá er þar mikil blindbeygja sem er stórhættuleg og ekkert svigrúm til að vikja,“ segir Hafþór og segir umferð um göngin hafa aukist til muna sem þýðir meiri hættu á samskonar slysum. „Það þarf að betrubæta aðstæður þarna. Það er ekki spurning hvort, heldur hvenær verður slys á fólki þarna. Það vildi til að það varð ekki stórslys á fólki í þetta skiptið,“ segir Hafþór. — *birgir@bb.is*

Okkar rannsóknir - allra hagr



Okkar starfsemi - allra hagr!

Matís auglýsir eftir verkefnastjóra á sviði fiskeldis á starfstöð fyrirtækisins á Ísafirði.

Starfssvið:

Að efla starfsemi Matís á sviði fiskeldis og þróa ný atvinnutækifæri.

Í starfinu felst m.a:

- Þróun á eldistækni
- Hönnun og þróun á vinnsluferlum
- Efling verkefna hjá Matís á Vestfjörðum í tengslum við atvinnulífið

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í raunvísindum s.s. líffræði, verkfræði eða tæknifræði; framhaldsmenntun í fiskeldisfræðum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til Matís ohf., Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða á netfangið atvinna@matís.is.

Nánari upplýsingar veitir Jón H. Arnarson, mannauðsstjóri Matís, í síma 422 5000 eða jon.h.arnarson@matís.is.

Matís er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni og matvælaöryggi. Hjá Matís starfa u.þ.b. 100 manns á sjö stöðum á landinu. Hlutverk Matís er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu og tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Matís ohf.

Borgartúni 21
105 Reykjavík

422 5000
www.matís.is



Hótel Ísafjörður.

Fjölgun gisti-nátta milli ára

Fjöldi gistinátta jókst lítillega milli ára á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fjölgaði gistinóttum á svæðinu úr 111.756 í 114.676 á árinu 2008. Erlendir ferðamenn voru þar í meirihluta eða 72.859 á móti 41.817 Íslendingum. Gistinætur á hótélum fyrir árið 2008 voru 1.339.879 en voru 1.310.719 árið 2007. Fjölgun gistinátta varð á Suðurlandi

um 13% og á Austurlandi um 7% milli ára. Á öðrum landsvæðum eru gistinætur svipaðar eða hafa dregist örlítið saman á milli ára.

Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótélum, þ.e. hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

— *thelma@bb.is*

Sparaðu meira í leiðinni



Jóhann og Guðlaug spara **98.415 kr.** á næstu 12 mánuðum*

Jóhann, Guðlaug og fjölskylda keyra um á nýlegum jeppa og meðalstórum fólksbíl. Á næstu 12 mánuðum munu Jóhann og Guðlaug spara rúmlega 98 þúsund krónur með því að kaupa allt eldsneyti, algengustu hjólbarða-, smur- og viðhaldsþjónustu og fleira hjá N1.

Allir sem sækja um **Tryggðartilboð N1** fyrir 8. mars fá **15% afslátt** af bílatengdum vörum, þjónustu og fleiru ásamt **5 króna afslætti** af eldsneytislítranum, bæði í beinhörðum peningum og safnkortspunktum næstu 12 mánuði. Nýttu þér þetta frábæra tilboð og byrjaðu að spara. Skráðu þig strax og sæktu um **Viðskiptakort** eða **Greiðslulykil** á **n1.is**.



1 punktur = 1 króna

Safnkortspunktar eru jafngildir gjaldmiðill og krónur, í öllum viðskiptum hjá N1. Með tímabundnum tilboðum á þjónustustöðvum er hægt að margfalda gildi punktanna.



* Miðað við árlega eldsneytisnotkun fyrir jeppa og meðalstóran fólksbíl og annan algengan rekstrarkostnað.
Eldsneyti -5kr. pr.l.



Kostnaður	866.400 kr.
Afsláttur	18.000 kr.
Punktar	12.000

Dekk



Kostnaður	190.000 kr.
Afsláttur	22.800 kr.
Punktar	5.700

Dekkjaskipti



Kostnaður	33.000 kr.
Afsláttur	3.960 kr.
Punktar	990

Dekkjahótel



Kostnaður	16.100 kr.
Afsláttur	1.932 kr.
Punktar	483

Smurþjónusta



Kostnaður	61.000 kr.
Afsláttur	7.320 kr.
Punktar	1.830

Bón og þrífavörur



Kostnaður	12.000 kr.
Afsláttur	1.440 kr.
Punktar	360

Bílaþvottur



Kostnaður	27.000 kr.
Afsláttur	3.240 kr.
Punktar	810

Rúðþurrkur og rúðuvökvi



Kostnaður	23.000 kr.
Afsláttur	2.760 kr.
Punktar	690

Smávarahlutir



Kostnaður	24.000 kr.
Afsláttur	2.880 kr.
Punktar	720

Verkfæri



Kostnaður	20.000 kr.
Afsláttur	2.400 kr.
Punktar	600

Rekstrarvörur, fatnaður ofl.



Kostnaður	14.000 kr.
Afsláttur	1.680 kr.
Punktar	420

Ferða- og útivistarvörur



Kostnaður	22.000 kr.
Afsláttur	2.640 kr.
Punktar	660

Ýmislegt



Kostnaður	14.000 kr.
Afsláttur	1.680 kr.
Punktar	420

Sparnaður 98.415 kr.



Kostnaður	1.322.500 kr.
Afsláttur	72.732 kr.
Punktar	25.683

Sparnaður
Meiri í leiðinni

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Spurningin

Hvað ætlar þú að kjósa í alþingiskosningunum 25. apríl?

Alls svöruðu 1.123.
Framsóknarflokkinn sögðu 129 eða 11%
Sjálfstæðisflokkinn sögðu 293 eða 26%
Frjálslynda flokkinn sögðu 98 eða 9%
Samfylkinguna sögðu 154 eða 14%
Vinstri græna sögðu 169 eða 15%
Önnur framboð sögðu 79 eða 7%
Ætla að skila auðu sögðu 141 eða 13%
Ætla ekki að kjósa sögðu 60 eða 5%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðaustlæg átt og rigning eða slydda og hiti 0-6 stig, en úrkomulítið NA lands. **Horfur á laugardag:** Snýst í norðanátt með snjókomu eða éljagangi. Kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Snýst í norðanátt með snjókomu eða éljagangi.

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar 456 4560 og 867 7802, birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorku-lífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X



Grunnskólinn á Ísafirði.

Efsta stig GÖ og GS til Ísafjarðar

Hugmyndir eru uppi um að flytja efstu stig Grunnskóla Öndarfjarðar og Grunnskólans á Suðureyri til Ísafjarðar. Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, segir hugmyndina ekki nýja afnálinni og hafi fyrst komið upp árið 2006 en þá verið slegin út af borðinu. Flutningur efsta stigs skólanna eru tveir aðskildir liðir af fjórtán sem Skóla- og fjölskylduskrifstofu er falið að reikna út sem hagræðingar möguleika. „Þess var óskað eftir af

Skóla- og fjölskylduskrifstofu að það yrðu gerðir útreikningar á hagræðingar möguleikum vegna efnahagsástandsins. Þannig komu upp þessir fjórtán liðir sem möguleikar,“ segir Margrét. Þegar færa átti efstu stig GÖ og GS til Ísafjarðar árið 2006 mætti það mikilli andstöðu foreldra og aðspurð segist Margrét ekki vita hvort afstaða þeirra hafi breyst.

„Þar sem hugmyndin hefur ekki verið upp á borðinu þá hef ég ekki tekið sérstaklega púlsinn á afstöðu foreldra. Það eina sem

skóla- og fjölskylduskrifstofu er falið að gera er að reikna út möguleikana. Það er hér með gert og það hafa engar viðræður átt sér stað við fólk. En auðvitað snúast þessi möguleikar um líf fólks,“ segir Margrét og á von á því að bæjarfulltrúar ræði við fólk um afstöðu þess gagnvart hugmyndinni.

Fulltrúi foreldra í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar segir umræðu um flutning efri bekkja GÖ og GS til Ísafjarðar ekki hafa farið fram milli foreldrafélaga grunnskól-

anna á svæðinu. „Hins vegar er kunn sú andstaða foreldra sem verið hefur við fyrri hugmyndir um sameiningu efri bekkja skólanna. Verði af þessum flutningi nemenda til Ísafjarðar er ljóst að það mun valda röskun á högum nemenda GÖ og GS. Skál þess því gætt að fullt samráð verði haft við foreldrafélög viðkomandi skóla um öll þau atriði sem lúta að þessari sameiningu,“ segir í bókun Þórdísar Jendóttur, fulltrúa foreldra í fræðslunefnd.

– birgir@bb.is

Ritstjórnargrein

Það sem gildir

„Í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu er það mín skoðun að það verði að skoða allar atvinnugreinar sem hægt er til að auka tekjur þjóðarinnar. Við þurfum einfaldlega að vinna meira og afla meiri peninga. Það er ekki hægt að bjarga þjóðinni út úr þessum þrengingum með því einu að skera niður í velferðarkerfinu og draga saman í opinberum útgjöldum, það dugar einfaldlega ekki til,“ voru orð Guðjóns A Kristjánssonar, alþingismanns, í samtali við blaðið Skessuhorn fyrir skömmu.

Undir þessi orð er hægt að taka. Augljóslega má þó höggva margar greinar af ríkistrénu, aðrar en þær sem snúa að velferð og menntun; hömlulaus útvikkun ríkisbáknsins í „góðærinu“ ber alltof víða merki sukks, að ekki sé fastar að orði kveðið. Við verðum að afla meiri tekna fyrir þjóðarbúið og til þess verður að leita allra leiða. Þar á meðal verður ekki hjá því komist að við tökum um stundar sakir einhverja áhættu og nýtum auðlindir sjávar í meira mæli en við hefðum gert við aðrar kringumstæður.

Óöryggi og beint sveltí Vestfirðinga hvað raforku varðar hefur verið nokkuð í umræðunni undanfarið og þá einkum snúist um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Mikilvægi virkjunarinnar fyrir Vestfirðinga verður best lýst með samanburði á framleiðslugetu hennar, sem áætluð er 260 til 280 GWh, á móti framleiðslu Mjólkárvirjunar, 55 til 60 GWh. Að ekki sé nú talað um að raforkan verði nýtt í þágu

nýs iðnaðar í fjórðungnum. Sem auðvitað á að vera höfuðmarkmið. Áætlað er að um það bil 200 ársverk felist í byggingu virkjunarinnar. Það munar um minna meðan erfiðasti hjallinn er klifinn.

Því miður er Hvalárvirkjun enn sem komið er fugl í skógi. „Við erum tiltölulega bjartsýnir. Þetta veltur allt á hvaða viðbrögð við fáum frá Landsneti því virkjunin verður ekki reist nema fyrirtækið komi að henni. Landsnet þarf að gera meira en leggja bara línuna, það þarf að ganga mun lengra,“ segir Gunnar Gaukur Magnússon, forsvarsmaður Vesturverks ehf. Þörf Vestfirðinga fyrir meiri og öruggari raforku og þar með fleiri atvinnumöguleikum er augljós. Vestfirðingar vænta því, að þess verði ekki langt að bíða að Hvalárvirkjun verði í hendi.

Heimskreppan segir til sín. Búið er að fresta námuvinnsla á A-Grænlandi, sem við gerðum okkur vonir um að færði björg í bú. Hvað okkar hlið þess máls varðar stendur enn upp á stjórnmöld hvað flugvallaraðstöðu áhrærir, svo hægt verði að afgreiða vélar sem koma frá Grænlandi. Hvenær er afstöðu ykkar að vænta, virðulegu ráðamenn? Og nú ríkir alger óvissa um vatnsverksmiðjuna. Það eru mikil vonbrigði eftir allan þann tíma sem hún hefur verið í bígerð. Áfram verður þó að róa á þau mið sem og öll önnur sem mögulega geta fært iðjulausum höndum verk að vinna.

Það sem gildir er að leggja ekki upp árar.

s.h.

Réttindi og lífeyrisgreiðslur skerðast ekki hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem rekin er af Eignastýringu Kaupþings, hefur lokið endurmati eigna í samráði við löggilta endurskoðendur. Samkvæmt bráðabirgðaútreikningum þarf ekki að skerða réttindi eða lífeyri sjóðfélaga í samtryggingahluta sjóðsins en tryggingafræðileg úttekt liggur ekki fyrir að sögn Arnaldar Loftssonar, framkvæmdastjóra

sjóðsins. Sjóðfélagar eru rúmlega 40 þúsund en sjóðurinn sameinaðist Lífeyrissjóð Bolvíkinga árið 2006. Fjármálakreppan hefur haft áhrif á lífeyrissjóðinn en aðgerðir Eignastýringar Kaupþings, hafa á undanförunum tveimur árum miðað að því að minnka markvisst áhættu í fjárfestingum. Með auknu vægi ríkisskuldabréfa og kerfisbundinni

sölu á hlutabréfum hefur þannig tekist að draga verulega úr áhrifum fjármálakreppunnar á eignasafn Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Í kjölfar fjármálakreppunnar hafa allar eignir Frjálsa lífeyrissjóðsins verið metnar upp á nýtt. Ljóst er að kreppan hefur haft nokkur áhrif til lækkunar á virði eigna. Við endurmatið er varúðar gætt og vonir standa til að niður-

færsla á eignum verði minni en reiknað er með.

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur og Frjálsi lífeyrissjóðurinn sameinuðust árið 2006. Sameiningin var með þeim hætti að Frjálsi lífeyrissjóðurinn tókvið eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur. Markmiðið sameiningunar var sá að auka áhættudreifingu, ná frekari hagræðingu í rekstri, efla eignastýringu sjóðanna, bæta þjónustu við sjóðfélaga og hámarka lífeyrisréttindi þeirra.

Tryggingafræðileg úttekt liggur ekki fyrir hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga og er því ekki vitað hvort réttindi eða lífeyrir sjóðfélaga muni skerðast, að sögn Guðrúnar Guðmannsdóttur, framkvæmdastjóra.

– birgir@bb.is

Reyndi að skera mann á háls

Ungur maður varð fyrir líkamsárás í heimahúsi á Ísa-firði aðfarnótt sunnudags þar sem eggvopni var beitt. Samkvæmt heimildum blaðsins tók árásarmaðurinn sér stöðu fyrir aftan fórnarlambið og reyndi að skera hann á háls með hníf en aðrir hús-gestir skárust í leikinn og yfirbuguðu hann. Bæði þolandi árásarinnar og maður sem kom honum til hjálpar hlutu áverka.

Að sögn vitna að árássinni virtist árásarmaðurinn vera í annarlegu ástandi af völdum fíkniefna. Lögreglan handtók manninn sem var í haldi til sunnudagskvölds en þá var honum sleppt að loknum yfirheyrslum.



Lífeyrissjóður Bolvíkinga sameinaðist Frjálsa lífeyrissjóðnum árið 2006.

Fleiri aðfluttir en brottfluttir

Fleiri fluttu frá Vestfjörðum en öðrum landshlutum á síðasta ári eða um 400 manns. Hins vegar fluttu 600 til fjórðungsins. Flestir brottfluttra úr fjórðungnum fluttu til höfuðborgarsvæðisins eða 249 manns. Næst flestir fluttu til útlanda eða 94 talsins. Sömu leiðis voru flestir aðfluttra frá höfuðborgarsvæðinu eða 235 talsins og næstflestir frá útlöndum eða 220 manns. Flestir fluttu til og frá Ísafjarðarbæ eða 299 aðfluttir á móti 336 brottfluttum. Því næst kom Bolungarvík með 136 aðflutta á móti 91 brottfluttum.

Að því er fram kemur í nýjum

tölum Hagstofunnar dró mikið úr aðflutningi fólks til landsins árið 2008 en þá fluttu 1144 fleiri til landsins en frá því. Árið 2007 fluttu hins vegar 5132 fleiri til landsins en frá því. Fjöldi innanlandsflutninga náði hámarki á árinu 2007 en þá voru skráðar í íbúaskrá þjóðskrár 58.186 flutningstilkynningar. Árið 2008 fækkaði þeim í 49.534, eða um 14,9%. Miðað við flutninga af hverjum 1000 íbúum þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna jafn lága tíðni innanlandsflutninga. Hagstofan segir, að þessi fækkun 2008 sé án efa samofin

lækkun íbúðaverðs á fasteignamarkaði og þrengra aðgengi að lánsfé.

Segja má að Suðurnes hafi tekið við því forskoti sem höfuðborgarsvæðið hafði áður hvað varðar innanlandsflutninga. Til Suðurnesja fluttu samanlagt 1.485 árin 2007 og 2008 frá öðrum landshlutum. Aðeins á Suðurlandi voru aðfluttir frá öðrum landshlutum fleiri en brottfluttir bæði árin. Í öðrum landshlutum voru brottfluttir í innanlandsflutningum fleiri en aðfluttir þessi tvö ár. Auk Vestfjarða fluttu flestir frá höfuðborgarsvæðinu eða 343.

Næst dýrasta þjónustan

Samkvæmt samanburði Alþýðusambands Íslands á verði skóladagvistar og hádegisverðar hjá grunnskólabörnum býður Ísafjarðarbær upp á næst dýrustu þjónustuna. Samkvæmt könnun ASÍ er meðalkostnaður giftra foreldra, eða þeirra sem eru í sambúð, vegna skólagæslu grunnskólabarna: 26.355 krónur fyrir eitt barn, 36.834 krónur fyrir tvö börn og 47.313 fyrir þrjú börn. Foreldrar í forgangshópi greiða í meðalkostnað 26.355 krónur fyrir eitt bar, 48.300 krónur fyrir

tvö og 58.779 krónur fyrir þrjú börn. Hádegisverður kostar 370 krónur og síðdegishressing 129 krónur. Mjög misjafnt er hvernig gjaldskráin er saman sett eftir sveitarfélögum og hvort systkinaafsláttur sé veittur. Í Ísafjarðarbæ er veittur 30% afslátt af gæslu vegna annars barns og 100% afsláttur af gæslu vegna þriðja barns eða fleiri.

Samanburður er frekar flókinn þar sem mjög misjafnir systkina afslættir eru í gangi og mismunandi hvað er innifalið í heildar-

þjónustunni, segir í niðurstöðum könnunarinnar. Ef skoðuð er greiðsla fyrir eitt barn þá greiða foreldrar í Vestmanneyjabæ minnst fyrir þjónustuna, 15.561 kr. á mánuði óháð því hvort þeir eru í forgangi eða ekki, forgangshópurinn á Akranesi greiðir 15.813 krónur. Hæsta gjaldið er í Garðabæ og sama verð fyrir alla foreldra 28.539 kr. á mánuði, mismunurinn er 183%. Tekið er fram að í þessum samanburði er ekki lagt mat á gæði matar eða þjónustu.

– thelma@bb.is



Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Starfsfólk óskast

Sýslumaðurinn í Bolungarvík óskar að ráða starfsfólk á skrifstofu embættisins í allt að tvö stöðugildi. Hlutastörf koma til greina. Um er að ræða vinnu við innheimtu vanrækslugjalds skv. reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja auk almennra skrifstofustarfa. Æskilegt er að einn þeirra sem ráðinn verður, geti hafið störf sem næst 20. mars nk., en í hitt stöðugildið verður ráðið frá og með 20. maí. Til að byrja með verður um tímabundna ráðningu að ræða til næstu áramóta.

Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri almennt menntun, reynslu af skrifstofustörfum og góðri íslensku- og tölvukunnáttu. Reynsla af innheimtustörfum æskileg. Leitað er að körlum jafnt sem konum sem geta unnið sjálfstætt og eiga gott með mannleg samskipti.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Jónas Guðmundsson, sýslumaður í síma 456 7222.

Umsóknir skulu sendar embættinu að Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, ekki síðar en 10. mars nk. eða rafrænt á netfangið jonas.gudmundsson@syslumenn.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Bolungarvík, 16. febrúar 2009

Jónas Guðmundsson

sýslumaður í Bolungarvík.

Hæstu laun lækka

Ekki hefur verið ákveðið hvernig staðið verður að þrjátíu milljóna króna niðurskurði hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða að sögn Þrastar Óskarsson, framkvæmdastjóra. Hann segir hugmyndir uppi um að taka mest af þeim sem mest hafa, þ.e. að lækka laun þeirra hæst launuðu.

Aðspurður hvort deildir innan stofnunarinnar verði sameinaðar, segir Þröstur að bráðadeild og öldrunardeild verði samreknar og að tvær stöður deildarstjóra verði lagðar niður og ein ný komi í staðinn. Eru þetta einu skipulagsbreytingarnar sem tekin hefur verið ákvörðun um. Þröstur segir að engar launalækkanir hafi átt sér stað en kjararáð muni lækka laun hans um 8-14%.

Ekki á leið í framboð

„Nei,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður hvort hann ætli að bjóða sig fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn í NV-kjördæmi fyrir alþingiskosningar í apríl. Ástæðan er sú að í kosningabaráttunni fyrir bæjarstjórnarkosningar 2006 var hann spurður að því hvort hann hygðist ætla í þingframboð árið eftir.

„Ég sagði klárt nei þá og það sem ég sagði 2006 ætla ég að standa við. Ég gaf þess yfirlýsingu 2006 og kjörtímabilinu lýkur ekki fyrr en 2010 og ég ætla að standa við yfirlýsinguna sem ég hef gefið fólki. Það verða aðrir að fara í þetta,“ segir Halldór.

Þiggja ekki laun fyrir störf sín

Kjörnir fulltrúar í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hafa samþykkt að þiggja ekki laun fyrir vinnu sína í ár. Var til laga þessa efnis lögð fram á síðasta fundi nefndarinnar en á honum fór Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, yfir forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009.

Þá var rætt um mögulegar leiðir til að lækka kostnað á fræðsluviði. Var nefndarmönnum falið að koma með upplýsingar á næsta fund í ljósi umræðnanna.



Inn að beini

Marzellíus Sveinbjörnsson,
umsjónarmaður Fasteigna Ísafjarðarbæjar

Marzellíus Sveinbjörnsson er umsjónarmaður fasteigna Ísafjarðarbæjar en hann er einnig mikill íþróttamaður. Það skal því engan undra að þegar hann svaraði spurningum BB inn að beini fannst honum besta gjöfin vera góð heilsa.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Giftingin.

Hvar langar þig helst að búa?

Inni í Tunguskógi

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Síðast var það fæðing afastelpunnar minnar.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að Árni Johnsen komst aftur á þing.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Að finna hvað það er gott að vera alltaf edrú.

Uppáhaldslagið?

Flest lög með hljómsveitinni Muse.

Uppáhaldskvikmyndin?

Pretty woman.

Uppáhaldsbókin?

Dagbók 2009 (æfingadagbókin).

Ógleymanlegasta ferðalagið?

2004 til Mora (Vasagangan).

Uppáhaldsborgin?

Hamraborg á Ísafirði.

Besta gjöfin?

Góð heilsa.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Nei.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Gleraugnanna minna.

Fyrsta starfið?

Flokka timbur hjá afa mínum í Neðsta.

Draumastarfið?

Lögfræðingur-sérgrein, skipulags- og byggingarmál.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Andriy Shevchenko.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Tunguskógur.

Skondnasta upplifun þín?

Að sjá Gísla Jón á línuskautum.

Aðaláhugamálið?

Íþróttir, skipulags- og byggingarmál.

Besta vefsíðan að þínu mati?

bb.is.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Húsa- og skipasmiður.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Reglusemi.

En helsti löstur?

Frekar langrækin.

Besta farartækið?

Reiðhjólið.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Bolludagurinn.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Konu minnar.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Marzellíus (með zetu og tveimur ellum) nafnið

„Hvað sem er“ yrði aldrei leyft hjá Mannanafnanefnd.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Milli 24 og 07.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Vatnsberi.

Lífsmottóið þitt?

Koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.

AKUREYRI 2006

EGILSSTAÐIR 2003

EGILSSTAÐIR 1998

ÍSAFJÖRÐUR 2000

VESTMANNAEYJAR 1995
(LJÓÐHÁTÍÐ)

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS


Ljós lifandi minningar um notalega helgi við líftinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt. Hringdu í 570 3030 og bókaðu skyndikynni með makanum þínum.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.150 KR.*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA STAUSTU LAGIÐ 2009

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.



Gaman og grín hjá Grunnvíkingum

Góð mæting var á þorrablót Grunnvíkinga sem haldið var í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. „Það var rosa góð mæting og óvenju mikið að fólki sem kom langt að til að sækja blótið. Þetta var bara mjög

skemmtilegt“, segir Júlíana Ernisdóttir í skemmtinefnd. Þrátt fyrir eitt óhapp þar sem eldri kona datt og handleggsbrotnaði þótti blótið vel heppnað. Þá féllu skemmtiatriðin í góðan farveg en þar var gert grín að ástandinu í

þjóðfélaginu í dag og það staðfært yfir á Grunnavík og nágrenni. Meðfylgjandi myndir voru teknar á þorrablótinu. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is innan tíðar.
– *thelma@bb.is*





Ekki væri geðslegt að stíga ofan í hundaskít á göngu um fallegan miðbæ Ísafjarðar.

Hundaskítur sívaxandi vandamál

Nánast daglega berst blaðinu ábendingar um að hundaskítur farinn sé að aukast út um allan bæ á Ísafirði. Er ljósmyndari blaðsins fór á stúfana var úrgangur hins svokallaða besta vin mannsins, víða að sjá, sumstaðar niðurtraðkaður og annars staðar angandi og nýr. Þá gáfu þó nokkrir bæjarbúar sig á tal við ljósmyndarann og sögðu vera búnir að fá sig fullsadda af þessu hirðu-

leysi í hundaeigendum. Einhverjir tóku það sterkt til orða að banna þyrfti hundahald með öllu ef ekki yrði ráðin bót á þessum vanda. Hundahald er bannað í Ísafjarðarbæ, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, viðurkenndum leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum og hundum sem notaðir eru við löggæslustörf. en bæjarstjórn

veitir undanþágur til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Því eru hundar skráðir og fyrir þá skráningu er greitt skráningargjald þar sem innifalinn er trygging og hundahreinsun. Lausanganga hunda er með öllu bönnuð. Í samþykkt Ísafjarðarbæjar um hundahald segir m.a.: „Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski ekki ró manna né verði þeim til óþæginda, einn-

ig er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hunda sína.“ Þar kemur einnig fram að við minnsta brot á skuli hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða skal afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds, segir í reglum um hundahald í Ísafjarðarbæ. – *thelma@bb.is*

Grípa verður til harkalegri aðgerða

„Ef hundaeigendur taka sig ekki á hér í bæ þá verður að grípa til mun harkalegri aðgerða“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður um frétt blaðsins um þann sívaxandi vanda að hundaeigendur á Ísafirði þrifi ekki upp eftir gæludýr sín. Formlega séð er hundahald bannað og svo er undanþága í formi leyfis. Þeir sem fá undanþágu þurfa þó að fylgja skilyrðum sem fram koma í samþykkt Ísafjarðarbæjar um hundahald. „Kvartanir sem berast vegna hunda eru margar og hundaeigendur verða að átta sig á því að þeir bera mikla ábyrgð. Ef ekki verður tekið á þessu af þeirra hálfu eru væntanlega fáir hundaeigendur að skemma fyrir fjölda annarra sem sýna mikla ábyrgð og eftirlit með sínum hundum“, segir Halldór og bætir við: „Ég hvet hundaeigendur til að taka sjálfir á sínum málum svo ekki þurfi að fara í hertar aðgerðir af hálfu Ísafjarðarbæjar.“ – *thelma@bb.is*



„Leikskólagjöld með dýrasta móti í Ísafjarðarbæ“

Foreldrafélag Eyrarskjóls hvetur yfirvöld í Ísafjarðarbæ til að standa við þau fyrirheit að tryggja grunnþjónustu sveitarfélagsins. Þjónusta sem tryggir velferð íbúa er nú mikilvægari en áður í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Félagið skorar á bæjarstjórn að skerða ekki þjónustu í leikskólum sveitarfélagsins og minnir á mikilvægi leikskóla í uppeldi og mótun barna. Félagið minnir á að leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ eru með dýrasta móti sé miðað við önnur sveitarfélög. Á síðasta ári hækkuðu gjöldin þegar borga þurfti sérstaklega fyrri fimmtán mínútna svigrúm umfram fullan skóladag. Félagið ítrekar einnig fyrirspurn frá síðasta ári um stefnu Ísafjarðarbæjar varðandi gjaldfrjálsa leikskóla.



ÍSAFJARÐARBÆR

um deiliskipulag í landi Efstahvamms í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í landi Efstahvamms í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan tekur til frístundabyggðar á um 1,8 ha. landsvæðis sem er hluti af landi Hæsta-Hvamms. Í deiliskipulaginu er skilgreindur byggingarreitur fyrir gestahús ásamt byggingarskilmálum. Annað fyrirkomulag á landsvæðinu er óbreytt. Svæðið liggur sunnan Þjóðveggar 60, á milli jarðanna Bræðratungu og Efri- og Neðri Mið-Hvamms. Að sunnanverðu eru óbyggðar hlíðar Hvammsfjalls, en norðan Þjóðveggar er jörðin Lægsti-Hvammur.

Gert er ráð fyrir frístundabyggð á svæðinu fyrir þrjú frístundahús ásamt byggingarreit fyrir nýtt gestahús. Stærð byggingarreits er 30x12 metrar.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á vefsíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is frá og með 19. febrúar 2009 til og með 19. mars 2009. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 2. apríl 2009.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

Ísafirði, 12. febrúar 2009,
Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

Við báðum ekki um sjúkdómana sem fylgja genunum

Jónína Sesselja Guðmundsdóttir á Ísafirði (Ninna), fyrrum kennari á Ísafirði og í Reykjavík og skólastjóri á Broddanesi í Strandasýslu í allmörg ár, hefur átt dálítið krókótta leið á köflum. Kannski samt ekkert krókóttari en margur annar. En hún er tilbúin að segja frá af meira hispursleysi en líklega er algengt opinberlega.

Undir höfundarnafninu SeSelja leggur Jónína stund á myndlist og ritstörf. Síðla árs 2007 hélt hún sýningu á þrjátíu vatnslitateikningum í Safnaðarheimili Ísafjarðar-kirkju og stóð sýningin þar fram yfir áramótin. Á nýliðnu ári kom út eftir hana bók-in *Nær en blærinn*, sem hlotið hefur ákaflega lofsamlega dóma.

Hér rekur Ninna sögu sína.

Ég er fædd og uppalin á Ísafirði og var Neðribæjarpúki, dóttir Guðbjargar B. Arnadóttur og Guðmundar J. Sigurðssonar. Pabbi var ættaður frá Hornströndum og úr Skagafirði en fæddur hér og uppalinn. Mamma er ættuð að austan og úr Breiðafirði en flutti sjö ára gömul til Suðurnesja og fór síðar í Kvenna-skólann í Reykjavík. Þau kynntust í Reykjavík og mamma flutti vestur 1949, sama ár og elsti bróðir minn fæddist. Þau eignuðust sjö börn á tólf árum, fimm stráka og tvær stelpur.

Pabbi var járnsmíðameistari og vann oft úti á sjó framan af en síðar í landi við iðn sína. Hann var duglegur til vinnu, handlaginn, vandvirkur og listrænn, hafði mikinn áhuga á íþróttum, sérstaklega fótbolta og hnefaleikum. Hann dó árið 1992 úr sama sjúkdómi og Árni bróðir minn fyrir rúmu ári. Ég ætla kannski að tala nánar um það hérna á eftir.

Mamma var og er enn hörkudugleg, flink í höndum og listræn, mikil handavinnumanneskja. Ég dáðist oft að því hvernig henni tókst að halda öllu hreinu og snyrtilegu í þriggja herbergja íbúðinni í Sundstrætinu þar sem níu manna fjölskyldan bjó, en það var algengt í þá daga að fólk bjó þröngt á Ísafirði.

Maður og börn

Eftir landspróf lá leið mín í Menntaskólann á Ísafirði. Þar kynntist ég stóru ástinni, Jóhannesi Laxdal. Hann útskrifaðist 1974 og ég tveimur árum seinna. Eldri dóttir okkar fæddist 1974. Það haust fór maðurinn minn suður til náms, en undi sér ekki þar og kom heim eftir slysið á Guggunni og var með Geira á sjó eftir það í tólf ár meira og minna. Eftir útskrift kenndi ég við Grunnskólann á Ísafirði og við eignuðumst dóttur um vorið. Eftir það vann ég við ýmis hluta-

störf tengd kennslu, svo og á lögfræðiskrifstofu hér á Ísafirði. Yngsta barnið okkar, sonur, fæddist 1985. Öll börnin fæddust á gamla sjúkrahúsinu sem nú hefur verið breytt í bókasafn.

Veturinn 1980-81 var ég með dætur okkar með mér á Akureyri, þar sem ég fór í fornám í Myndlistarskólann og leigði íbúð í Hlíðargötunni í kjallaranum hjá vinkonu mömmu, Jónu Kjartans, sem hafði verið kennari á Ísafirði. Mér hefur alltaf þótt vænt um Jónu og það var gott að leigja hjá henni. Eldri dóttirin fór í fyrsta bekk á Akureyri en sú yngri til dagmömmu. Á þeim tíma átti ég eldgamla gula Lödu og var alltaf þeirri stund fegnust að komast upp Gilið, þó ég væri á góðum dekkjum. Ég var alltaf hrædd að keyra Gilið. Við heimsóttum tengdamömmu á Svalbarðsströnd eins oft og við gátum um helgar. Okkur tengdamömmu kom alltaf vel saman.

Mér leið vel á Akureyri og ég kynntist þar góðu fólki. Það er svo skrýtið, að hvar sem ég flækist og hvert sem ég fer, þá kynnist ég góðu fólki.

Um sumarið þorði ég hreinlega ekki að fara suður, ein með dæturnar í framhaldsnám, þó hart væri lagt að mér. Í mínum huga var Reykjavík fráhrindandi við-áttuflæmi. Hef trúlega verið svo mikið náttúrubarn eða sveitastelpa í mér, að mér fannst óhugsandi að gera þetta ein með ábyrgð á dætrunum.

Sambúðarslit

Næstu ár stundaði ég ýmis störf, var við kennslu og ýmislegt annað og vann síðan á lögfræðistofu allt til 1986, að maðurinn minn ákvað að hætta sjómennsku og fara í Tækniskólann. Við fluttumst suður, dæturnar í Snælands-skóla, drengurinn til dagmömmu og ég fór að vinna á lögfræðiskrifstofu og Jóhannes var í skól-

anum. Árið eftir komu alvarlegir brestir í samband okkar og 1988 slitum við samvistum. Eftir það tók við tíður flutningur minn og krakkanna um Reykjavík allt til fram undir árslok 1992, að ég fékk endanlegt húsnæði. Veturinn 1989-90 fór ég reyndar tíma-bundið vestur með krakkana og ihugaði í alvöru að setjast að í elskulegan og öruggan faðm föstrunnar góðu Ísafjarðar, en um veturinn var tekin ákvörðun að reyna sambúðina enn einu sinni. Nú átti allt að vera gott.

Ég sendi myndir og umsókn í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og var bara sagt að koma, ég þyrfti ekki að taka inntöku-próf. Við fluttum aftur suður, dótið í geymslu, maðurinn var á sjó frá Vestmannaeyjum og við fórum þangað en íbúðin í Reykjavík átti að verða laus í ágúst.

Vestmannaeyjatíminn var mjög skritinn. Það rígnði mikið og allt var á brattann að sækja, brekkur út um allt. Með allri virðingu fyrir Vestmannaeyjum kys ég frekar Ísafjörð til búsetu. Eldri dóttirin undi sér ekki þarna og strauk vestur til að vinna í fiski. Mamma kom til Eyja en ákveðið var að hún yrði nokkurs konar ráðskona hjá okkur á Rauðalæknum í Reykjavík.

En um það leyti sem við ætl-uðum að flytja var sambúðinni lokið. Við mamma, dæturnar og ég fluttum til Reykjavíkur. Skólinn byrjaði, mamma var mér stoð og stytta í vonbrigðunum, eldri dóttirin strauk að heiman eftir skólann, kunni ekki við sig í Verslunarskólanum, og fór vestur að vinna við fisk og búa með kærastanum. Í nóvember kom svo barnsfaðir minn ennþá tilbúinn að takast á við sína ábyrgð og það gekk í nokkra mánuði. Mamma fékk sér íbúð á Grettis-götu og fór að vinna.

Sambúðinni lauk svo endanlega nokkru eftir áramótin. Það varð mér meira áfall en mig grun-

aði og dró dilk á eftir sér. Eftir nokkra flutninga og flækning með börnin fékk ég loks öruggt húsnæði í desember 1992, fór í Kennaraháskólann, tók mér árs-leyfi á tímabilinu og lauk námi 1995. Þá fórum við mæðginin frá Reykjavík og fluttum að Broddanesi í Strandasýslu um sumarið. Drengurinn var þá tíu ára en dæturnar fluttar að heiman.

Árin á Broddanesi

Í hugum sumra sem þekktu mig var ákvörðunin að flytja til Broddaness eins og að fara til Alaska. Samt er Broddanes svona mitt á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og enn styttra suður eftir að Hvalfjarðargöngin komu. Íbúar Broddaneshrepps tóku vel á móti okkur mæðginunum og næstu sex ár voru góður tími. Fyrstu tvö árin var ég hvorki með þvottavél né bíl. Hugsaði þá bara: Hafa skal það sem hendi er næst og hugsa ekki um það sem ekki fæst. Þetta gekk ágætlega, enda vorum við bara tvö í heimili.

Skólinn var á neðri hæðinni en íbúðin á þeirri efri, nánast einn geimur og herbergin lítil. En það-an var stórkostlegt útsýni yfir hafið í sínum sérstöku ljósabrigðum eftir hverri árstíð. Undursamlegt. Á vetrum mátti sjá ljósfestina frá Drangnesi glitra eins og gullkeðju í myrkrinu. Útsýnið frá þessum stað var algert augnakonfekt.

Rútan þar sem Valdimar bíl-stjóri stóð sína pligt hvernig sem viðraði fór reglulega tvisvar í viku frá Reykjavík til Hólmavíkur. Við mæðginin fundum út að við gátum tekið rútuna til Hólmavíkur og til baka fyrir 500 krónur. Tíminn sem rútan stoppaði á Hólmavík dugði okkur alveg til að versla til vikunnar. Þegar okkur var hleypt út við afleggjarann handlönguðum við vörurnar. Þetta var ekkert mál. Stundum vorum við svo heppin að fá far heim með góðhjörtuðum borgurum.

Að lokum keypti ég gamlan jeppa, algeran bensingleypi, og svo þvottavél þegar barnabörnin komu. Kaupfélag var í Bitrufirði og þar var hægt að kaupa allt milli himins og jarðar og panta ef svo bar undir. Sérstaklega fall-eg og sérkennileg búð sem minnti

á gamla tíma. Þar var hægt að panta vörur vikulega, sérstaklega þegar snjöpungt var og tvisýnt með ferðir til Hólmavíkur. Kaupfélagsstjórinn var ósköp lipur kona þrátt fyrir erfiðleikana að reka þetta elsta kaupfélag landsins. Það munaði um hvern sem flutti í burtu.

Í Broddanesskóla tók ég við fámennnum skóla, indælum nemendum á öllum aldri frá fyrsta og upp í áttunda bekk, en nemenda-fjöldinn rokkaði svona frá sjö til tíu að jafnaði. Eftir áttunda bekk þurftu nemendurnir að fara annað í níunda og tíunda bekk þegar ég var með skólann. Á þeim tíma sem ég var föru þau til Hólma-víkur í heimanakstri. Nokkurra mánaða heimavist var rekin yfir verstu mánuðina fyrra árið þeirra, en eingöngu var heimanakstur eftir það.

Í fámennnum skóla þarf skólastjórinn að setja sig inn í allar námsgreinar í öllum bekkjum. Þetta var töluverð vinna en árangurinn var góð yfirsýn yfir kröfur aðalnámskrár. Oftast voru einn eða tveir leiðbeinendur með mér, fyrir utan veturinn þegar ég bað bændur að hjálpa mér með t.d. eðlisfræði og smíði. Það gekk mjög vel. Foreldrar störfuðu mikið með skólanum og tóku þátt í öllum breytingum sem prófaðar voru. Við tókum þátt í fjarkennsluverkefni sem heppnaðist ágætlega og var mjög ánægjuleg upplifun bæði fyrir nemendur og kennara en ekki sist foreldrana. Í fjarkennslu voru kannski einn eða tveir nemendur í Broddanesi í kennslu frá Hólmavík. Graejurnar voru hreyfanleg myndavél og tölva. Nemendur sáu hver annan og gátu hlustað og talað við kennarann á Hólmavík og unnið sín verkefni með jafnöldrum.

Í sveitinni kynntist ég bændamenningunni og erfiðleikum sveitarfélaga, þar sem skólakostnaðurinn var um 80% af heildarrekstri og lítið eftir til framkvæmda. Bændum fækkaði, nemendum fækkaði og fjöldamörg vandamál blöstu við fámennu sveitarfélagi.

Allt það fólk sem ég kynntist í Broddaneshreppi var gott. Athyglisverðar manneskjur sem ég sakna enn í dag og hafði gott af að kynnast.

Á Broddanesárunum eignaðist ég þrjú barnabörn en það fjórða

fæddist ekki fyrr en 2006. Eitt af barnabörnunum fætt 1996 fæddist með hjartagalla og þurfti að dvelja á Landspítalanum í nokkra mánuði til að ná þeirri þyngd sem þurfti til að standast hjartauppskurð í London. Þetta voru tilfinningaþrungnir mánuðir. Tvö önnur barnabörn voru hjá mér, fyrst af og til og síðan alveg frá 1999.

Sonur minn varð allt í einu eins og elsti bróðir frændsystkina sinna, sem dýrkuðu hann. Með þeim mynduðust sérstök tengsl sem hafa haldist. Dvöl þeirra hefur trúlega dregið eitthvað úr þeim leiðindum sem hann fann fyrir í efstu bekkjum Grunnskólans á Hólmavík vegna heimaakstursins. Við fluttum suður til Reykjavíkur eftir að hann lauk tíunda bekk þar.

Kennsla í Reykjavík

Reykjavíkúrárin 2001-2004 voru lærdómsrík. Bæði var það að kynnst breyttum starfsháttum í grunnskóla í þéttbýli, sem meðal annars miðuðu að því að kennarar væru sýnilegir í vinnu allan daginn, valdaleysi kennara, og svo hitt sem sneri að veikindum mínum. Ég áttaði mig ekki á því að hvíldin milli kennslu og áframhaldandi vinnu sem ég gat notið í Broddanesskóla var frá mér tek-in í Fellaskóla.

Þessi hvíld var mér nauðsynleg, vegna þess að kennslan er svo krefjandi, að ég varð að hvíla heilann í einn til tvo tíma áður en áfram var haldið. Í stærri skólum hvarvetna á landinu taka yfirleitt við fundur á fund ofan og námskeið og samráð strax eftir kennslu. Loks þegar því var lokið var eftir að fara yfir verkefni og undirbúa næsta dag, en þá tóku við heimilisstörf og fjölskyldulíf, heimanám og annað. Þegar svo ró var komin seint að kveldi var heilinn algerlega óviðráðanlegur og ég gat legið andvaka fram eftir nóttu með samviskubít yfir að hafa ekki klárað eitt og annað varðandi næsta dag. Svo var farið að vinna um helgar, en þetta gekk ekki til lengdar.

Samt þraukaði ég þennan vetur. Ég var með svokallaðan erfiðan bekk, en sá samt margar jákvæðar breytingar á hegðun krakkanna um

veturinn. Samt náði ég ekki utan um kennsluna og allt það sem fylgdi, foreldrastarf og fleira.

Það sem var mér erfiðast var að í bekknum var dauðvona drengur vegna krabbameins en ég fékk takmarkaðar upplýsingar um hann í upphafi. Ég lofaði móður hans að koma í heimsókn til þeirra eins oft og ég gæti, en það varð sjaldnar en ég ætlaði mér. Drengurinn dó í apríl og samnemendur hans lærðu hvernig átti að votta móður hans samúð. Við minningarborðið hans í stofunni hafði kennari sem hafði haft drenginn lengst af í kennslu límt upp myndir og viðtöl frá því að hann fór í aðgerðina þar sem fótleggurinn var tekinn af um hné en sjálfum fætinum komið fyrir þar sem hnéð var. Ef hverju var mér ekki sýnt þetta löngu fyrr?

Það besta sem mér fannst ég geta gert var að kaupa hvítt albúm, safna

saman minningargreinum og fá hvern og einn í bekknum til að skrifa kveðjur til drengsins, skreyta svo með gullskreytingum og penna. Svo fór ég með bókina til móðurinnar sem ýmist hló eða grét. Það snart mig mjög. Það snart mig líka að allir hinir sundurleitu bekkjarfélagar vildu koma kveðju til hans, hver með sínum hætti.

Ég taldi að hvíldin sumarið 2002 myndi bæta líðan mína og ég byrjaði að kenna í Breiðholti-skóla um haustið. En í febrúar um veturinn var ég komin með slæma líkamlega líðan og mikið þunglyndi og datt úr vinnu um vorið. Niðurstaða mín er sú, að kennarar almennt þurfi að vera

afskaplega hraustir bæði líkamlega og andlega til að stunda sína vinnu, gefa allt í starfið og eiga varla frítíma nema um jól og páska.

Kennsla er starf með lifandi fólki en allt er niðurnjörvað í aðalnámskrá og skólanámskrá, regluverkið stýrir öllu, en kennarinn er valdalaus rétt eins og við vinnu við færibandið í rækjuverksmiðju. Vilji kennari breyta einhverju ris bákn fyrir framan hann, bákn af reglugerðum og endalausum fundahöldum. Ég er ekki að segjast vera góður kennari. Góður kennari er til dæmis hún Rannveig Þorvaldsdóttir. Ég er bara öðruvísi kennari og dottin út ótímabundið.

Þunglyndið

Frá því um unglingsaldur hef ég glímt við skammdegisþunglyndi og kviðaköst.

Mitt eðlilega svar var hreyfing, að hlaupa og hreyfa mig, hafa nóg fyrir stafni, iðka jóga að hætti Steinunnar Briem, vakna með snjóinn í rúminu, taka þátt í íþróttum. Ég missti mig líka í bóklestur, las mig í gegnum hillurnar hjá Ellu og Halldóri bóka-vörðum fyrir ofan sundlaugina. Enginn sagði mér að gera þetta allt, þetta var náttúrulegt, en ég upplifði mig öðruvísi en aðra. Þó reyndi ég eins og ég gat að fylgja félögunum.

En það var sama hvað ég reyndi. Áráttan jókst smám saman. Að lokum var svo komið að áráttan var orðin að martröð nótt eftir nótt og á daginn úthugsaði ég flóttaleiðir undan ísbjörnum, úthugsaði björgunarleiðir. Fannst þessi árátta vera að yfirtaka mig, svo ég þurfti oft að halda aftur af mér. Ég óttaðist að skaða sjálfa mig eða aðra. Þessar upplifanir voru hræðilegar en svo bráði af mér á milli.

Alversti veturinn var svo 1979. Maðurinn minn vissi ekkert hvernig átti að bregðast við. Honum fannst líðan mín hrein geðveiki þegar ég ræddi þetta við hann. Niðurstaðan varð sú að skipta um umhverfi. Ég hafði verið á námskeiði hjá Guðrúnu Svövu, sem sagði mér meðal annars frá Moskvuárum sínum. Ég fór norður á Akureyri með dæturnar eins og ég nefndi og leigði íbúð í kjallaranum hjá Jónu Kjartans. Mér leið vel þarna í Hlíðargötunni og áráttan og martraðirnar hurfu á þremur mánuðum. Eftir það gekk allt sinn vanagang nema hvað í svartasta skammdeginu langaði mig helst til að skriða í helli og sofa þar í nokkra mánuði. Gætti þess þó að

hafa nóg að gera og heimsótti tengdamömmu eins oft og ég gat með dæturnar. Þetta slapaðist einhvern veginn, stundum var ég glöð og kát en stundum héldu ber-dreymið og skynjanirnar áfram að hrella mig og viðhalda kviðan-um. Að námi loknu fór ég aftur vestur með dæturnar til að lifa eðlilegu lífi sem húsmóðir og verkakona.

Í nóvember 1994 eftir að ég var flutt suður og byrjuð aftur í Kennaraháskólanum upplifði ég þunglyndi sem eftir á að hyggja hafði verið tvö ár að þróast yfir í nánast algera hreyfihömlun, lík-amlega og andlega. Þá bjó ég ein með syni mínum sem þá var átta ára. Ég hélt að ég væri að klökkast endanlega og ákvað að hringja niður á göngudeild geðdeildar þar sem mér var sagt að koma strax. Ég fékk viðtal hjá góðum geðlækni og óteljandi tissjú til að þurrka tárin, en ég veit ekki hversu lengi ég hafði ekki getað grátið fyrr en þarna. Síðan fékk ég lyfseðil og samstarfsmeðferð hjá geðhjúkrunarfræðingi fram á vor þar til skólinn var búinn. Guði sé lof, aldrei aftur Hiro-shima! Flestir fá þunglyndi einu sinni á ævinni, núna var ég slopp-in, hugsaði ég, þvilíkur léttir. Seinna komst ég að því að margir þunglyndissjúklingar hugsa það sama.

Árið 2003 sökk ég aftur til botns. Það var mikið áfall. Heil-inn lét ekki að stjórn. Líkaminn hlýddi ekki heilanum. Minnis-leysi, einbeitingarskortur, hreyfi-hömlun, höfuðverkur. Og hugs-anirnar eins og trylltir fuglar í hausnum. Sjálfsmyndin og sjálf-straustið molnuðu niður. Ég var mjög ósátt. Datt út úr vinnu og fann hversu slæm tilfinning þetta var gagnvart vinnunni. Mér leið eins og algerum lúser. Afskrifuð. Svona eru gömlu fordómarnir og gildin lífseig.

Svo kynntist ég Auði Axels iðjuþjálfá, sem þá var að prófa tveggja ára heilsugæsluverkefni sitt, meðal annars *Hjálpina heim*, auk þess sem hún var einn af stofnendum Hugarafis, og núna er hún annar eigandinn að AE-endurhæfingu með Elínu Ebbu. Auður er manneskja sem minnir á engil, afskaplega ljúf. Það er mannbætandi að kynnst henni. Kynni okkar hófust með því að hún kom vikulega til okkar sonar míns og barnabarna með ráðlegg-ingar út frá iðjuþjálfun á staðn-um. Seinna fór ég að líta niður í Drápuhlið og kynnst starfsemi hennar þar og Hugarafli.

Eins og margir vita hefur Hug-arafli aldeilis vaxið fiskur um hrygg síðan þá. Fólkið sem tók þátt í starfseminni í Hugarafli var líka sérstakt, miðlaði sinni reynslu og tók þátt af hugsjón þrátt fyrir sín veikindi. Árið 2003 hafði ég kynnst Hvítabandinu og starfsemi þess og mætti þar yfir-leitt þrisvar í viku. Starfsfólkið



þar var afskaplega gott og ljúft. Boðið var upp á alls kyns úrræði fyrir fólk sem var að jafna sig eftir erfiða sjúkdóma. Munurinn á Hvítabandinu og Hugarafli felst í stefnu Hugarafis í málefnum geðfatlaðra.

Eftir að ég fluttist til Ísafjarðar kynntist ég lítilega klúbbnum Geysi, heimsótti athvarf Rauða krossins í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og leit við á Tún-götu 17 í Reykjavík, sem Geð-hjálp rekur. Í gegnum netið gat ég svo fylgst með því sem var að gerast í málefnum geðsjúkra í Keflavík, á Suðurlandinu og fyrir norðan.

Eftir að hafa fengið þriðja al-varlega þunglyndið var mér allri lokið, þrátt fyrir allt sem ég vissi. Fannst öllu lokið þennan ágúst-mánuð 2005. Veit ekki hvernig ég hefði komist í gegnum erfið-leikana án aðstoðar Hörpu Guð-munds iðjuþjálfá, Auðar Ólafs hjúkrunarfræðings og Fjölnis Freys læknis á Ísafirði. Þegar ég fór smám saman að jafna mig eftir áfallið fór ég að taka þátt í undirbúningshópi fyrir Vesturafl, sótti fundi og var virk. En þegar draumurinn um Vesturafl var kominn á fót fór líkamleg liðan mín versnandi.

Bara bíta á jaxlinn

Nýr óvinur var kominn til skjal-anna, sem dró úr mér allan mátt og baráttuvilja. Svonefnd útkölk-

un í baki, bæði í efri og neðri hryggjarliðum með tilheyrandi þrýstingi á taugar sem liggja um allan neðri hluta líkamans, út í spjaldhrygg og niður fætur, síðan út frá hálsliðum út í vinstri hand-legg og núna er þetta nýlega byrj-að í hægri handlegg. Ekkert við þessu að gera, bara sætta sig við sársaukann á meðan hryggurinn verður samvaxinn og hættir von-andi að þrýsta á taugar. Bara að bíta á jaxlinn er það eina, og hugsa um allt það gamla fólk sem fær þetta sama.

Frá því að ég fékk þessa niður-stöðu hef ég ekki verið með sjálfri mér. Enn ein uppstökkun í nánd og mig skortir allt baráttuprek. Hef í rauninni gefist upp. Það eina sem heldur mér gangandi er vonin. Sem betur fer eru barna-börnin aftur komin til móður sinnar, en sjálf er ég aðallega í því að deyfa sársaukann með öll-um ráðum. Stend raunar á kross-götum og þarf að velja réttu leið-ina. Trúlegast verður ofan á að ég leita til Landspítalans um með-ferð sem miðar að því að lifa með sársaukanum án lyfja.

Mismetnir sjúkdómar

Í öllu því sem ég hef fengist við síðustu árin hef ég oft leitt hugann að sambandi heilbrigð-isyfirvalda og sjúkdóma. Í orði kveðnu eru allir sjúkdómar jafn-réttháir og sjúklingar eiga rétt á meðferð í samræmi við sjúkdóm-

inn. Það er ekki langt síðan átti að byggja upp þjónustu fyrir geð-sjúka, styðja fólk með geðrask-anir út á vinnumarkaðinn, bæta búsetuúrræði þeirra og aðstöðu til bata. En hver er svo fyrsti sjúklingahópurinn sem heil-brigðisyfirvöld ráðast á núna eftir áramótin? Fólk með geðraskanir. Það á til dæmis að kippa fótunum undan starfsemi geðsviðs Akur-eyrar, sem hefur náð afar góðri uppbyggingu, greiningum, þjón-ustu og meðferð á síðustu fimm-tán árum. Orðspor geðsviðsins á Akureyri hefur farið víða vegna hins góða árangurs og fólk hvað-anæva af landinu hefur sótt í meðferð norður, en skyndilega er fimmtán ára þekkingu og reyn-slu sópað í sjóinn. Geðfatlaðir fá ekki sína meðferð og allt er í uppnámi sem snýr að sjúklingum og læknum.

Ef leggja á alla sjúkdóma að jöfnu, hvað skyldi þá verða sagt við því ef starfsemi Reykjalundar yrði lögð niður með öllu? Eða heilsuadstaða exem- og psorias-issjúklinga við Bláa lónið yrði lögð niður með einu pennastriki? Eða hjarta- og krabbameinsdeild-um yrði gert að minnka plássið um 50% í sparnaðarskyni? Ég er viss um að hljóð myndi heyrast úr horni. Núna í vetur var því flaggað í Kompási, að lyf fyrir fólk með geðraskanir kostuðu svo og svo mikið fyrir þjóðarbú-ið. Ef allir sjúkdómar eru jafn-réttháir, hvers vegna þá ekki að

birta líka kostnað þjóðarþúsins vegna hjartalýfja, krabbameins-lyfja og fleiri lyfja í hinum ýmsu sjúkdómahópum?

Þessi sjúkdómamismunun á rætur að rekja aftur um nokkrar kynslóðir til þeirra gilda og við-horfa sem þá ríktu, hún er sem sagt fornaldarhugsunarháttur. Á mörgum sjúkrahúsum um landið er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að taka á móti geðsjúkum í hættu-ástandi né langt gengnum alkóhól-íhólistum, bæði vegna plássleysis og skorts á fagfólki. Á sama hátt og hjartasjúklingar, sykursjúkir, þeir sem eru með krabbamein og aðrir, báðu ekki um sína sjúk-dóma, þannig báðu hvorki geð-sjúkir né langt gengnir alkóhól-istar um sín gen. Við báðum ekki um sjúkdóma sem flæktust með genum okkar. Samt er vítað að sjúkdómar liggja í ættum.

Dauðalistinn

Allir sjúklingar kannast við biðlista nema þegar um bráðatil-felli upp á líf og dauða er að ræða. Ég held að fáir nema alkó-hólistar og aðstandendur þeirra kannist við biðlistann langa hjá SÁÁ eftir að komast á Vog. Þessi listi er af mörgum kallaður dauðalistinn. Sjúklingum á Vog er tilkynnt hve heppnir þeir séu að komast að og skuli vera þakk-látir fyrir það, vegna þess að fólk deyr á biðlistanum. Það er ekki flóknara en svo, að hafir þú verið á Vog og ert skilgreindur sem

endurkomumanneskja, þá ertu settur á listann og átt að ítreka daglega vilja þinn að komast í afeitrun. Annars ferðu aftast á listann. Ég hef orðið vitni að því að haft var samband við æðsta vald á Vogí vegna sjúklings sem var ekki á biðlista og hann var kominn inn á Vog degi síðar. Önnur dæmi veit ég um það sama. Mér er sagt að lengst gengnu fíklarnir fái viku til að komast inn á Vog vegna lífshættu þeirra. En hvað með hvítu hrafnana, þá sem eru aðallega í áfenginu eins og þeir Bill og Bob, sem hugmyndafræði SAA byggist á?

Ég hef verið að hugsa um þetta vegna þess að bróðir minn hér á Ísafirði sem dó í vikunni fyrir jólin í fyrra var hvítur hrafn. Hann var á dauðalistanum, allar skýrslur til um hann bæði á Vogí og Staðarfelli. Mjög langt genginn alkóhólisti sem var fljótur að braggast í meðferð. Þær vikur sem hann beið eftir að komast að á Vogí í afeitrun virtust einkennast af refsihugunarhætti í hans garð vegna „brota“ á biðlista en ekki pælt í ástandi hans.

Þær vikur sem hann beið eftir að komast í afeitrun á Vogí fór hann daglega á sjúkrahúsið hér til að sækja jafnvægislyf til niðurröppunar. Hér var vitað um aðstæður hans og að sjúkdómurinn hafði tekið af honum öll völd. Var eitthvað að því að kippa einum hvítum hrafni eins og honum inn á Vog? Já, hann var ekki bara á dauðalistanum, hann var líka á refsilistanum. Og sjúkrahúsið hér? Engin aðstaða til að leggja hann inn, koma ofan í hann mat og vítamínum og stuðla að reglulegum svefni, sem eru viðbrögð til að hjúkra helsjúkum alkóhólista. Svona er lífið. Hefði hann verið með hjartaáfall hefði hann verið lagður inn með það sama. Líka ef hann hefði verið með lífshættulegt ofnæmi fyrir hnetum.

Árni bróðir minn dó einfaldlega úr sjúkdómi sem fellir fleiri en marga í hópi annarra ákveðinna sjúkdóma. Hann dó hérna fyrir framan nefið á okkur. Það er sárast. Kom á sjúkrahúsið of seint. Hann varð einn af þeim sem dóu á dauðalistanum. Og hvers vegna? Ég er ekki að kenna einum né neinum um. Dauði bróður míns á ákveðna forsögu og hann bar sína ábyrgð á því að gera það sem hægt var til að halda sjúkdómi sínum niðri. Hitt er annað mál, að þegar sjúkdómurinn hefur algerlega náð yfirhöndinni þarfað gripa til róttækra aðgerða. Sjúkdómamismunun kostar mannlíf.

Æskuárin

Mér leið vel í Sundstrætinu hjá mömmu og pabba. Ég kynntist indælishjónunum Önnu Sigríði Kristjánsdóttur og Kristni L. Jónssyni trésmið sem bjuggu

nokkrum húsum frá og varð heimagangur hjá þeim. Þau eiga fimm börn og kynni okkar hófust á því að Gonný, elsta barn þeirra, passaði mig þegar ég var lítil.

Ég var eitt af gegnum-glerið-börnunum. Tveggja ára þurfti ég að fara á sjúkrahús í sex vikur og man enn eftir þeim tíma. Mamma mátti sjá mig í gegnum gler á hurð en foreldrum og systkinum var bannað að heimsækja börn í þá daga. Milla vinkona mömmu kom stundum í heimsókn og þá spurði ég hana eftir mömmu. Yfirleitt var svarið að hún hefði skroppið út í búð, Milla sýndi mér svo innkaupapoka og ég var mjög hissa hvað mamma gat verið lengi í búðinni.

Ég kallaði yfirlækninn pabba og kynntist syni Önnu og Kristins sem var líka á sjúkrahúsinu. Hann átti oft súkkulaði í litla hvíta borðinu við rúmið. Síðan var þessi siður lagður af og nú orðið fá foreldrar að vera með veikum börnum sínum á sjúkrahúsi, jafnvel sofa hjá þeim yfir nótt.

Eins og aðrar húsmæður nýtti mamma allt sem hægt var til að drýgja búíð, saumaði, prjónaði, sneri við úlpum og kápum, bakaði, sultaði, saftaði, tók slátur og þar fram eftir götunum. Þvottavélin var þvottabretti, grænsápa og skrúbbur og þvottarulla. Við vorum böðuð í járnblaða þar til við gátum farið í sundlaugina. Þvílíkt puð hefur það verið hjá mömmu að vera húsmóðir með okkur öll í þá daga. Heitur matur tvisvar á dag, morgunmatur, miðdagskaffi og stundum kvöldkaffi. Og uppvaskið. Margar konur af hennar kynslóð kannast við þessa lýsingu.

Sem krakki var ég sérstaklega hrifin af einu fyrirbæri, saumaklúbbnum hennar mömmu. Saumaklúbbskvöldin voru heilagur tími, eingöngu helgaður húsmæðrum sem hittust og ræddu málin yfir handavinnu og gæddu sér síðan á kökum og krásum. Þar fengu þær frið og ró fyrir körlum og krökkum. Þó að klúbburinn hætti að starfa með tíð og tíma, þá héldust kynni með þeim vinkonunum alla ævi.

Þegar ég var tólf ára fluttum við í stærra húsnæði í Smiðjugötunni. Mamma fór að vinna úti en pabbi vann í járnsmiðjunni hjá Leifi í Fjarðarstrætinu.

Sjúkdómur pabba var að þróast smám saman. Þetta voru að mörgu leyti erfið ár og mikil vinna og álag hvíldu á herðum mömmu. Þauskildu 1972. Stuttu síðar flutti pabbi suður og vann meðal annars við Sigölduvirkjun, en bjó hér á Ísafirði síðustu æviárin. Mamma vann alltaf mikið alla ævi. Hún flutti suður í nokkur ár en kom aftur fyrir fáeinum árum og keypti sér íbúð á Hlíf.

Gildismatið

Samskipti kynslóðanna eru eitt

af áhugamálum mínum. Það er heillandi að lesa um og stúdera ævi genginna kynslóða, skoða samfélagsgerðina sem þær bjuggu við, virða fyrir sér hvaða viðhorfum og gildum hver kynslóð miðlaði til þeirrar næstu með samskiptum og hegðun. Lífsbaráttan hér áður fyrr hefur verið svo hörð, að það er erfitt að ímynda sér það nú. Áherslan var á vinnu, að sjá fjölskyldunni farborða, vera harður af sér og bera tilfinningar sínar ekki á torg. Þá voru fá ef nokkur úrræði sem við þekkjum í dag, svo sem félagsleg og sálfræðileg, hvað þá tryggingar. Fólk hjálpaðist að eftir bestu getu, en fátæktin var mikil. Ef maki féll frá eða fólk gat ekki séð fjölskyldunni farborða vegna fátæktar, þá var henni tvístrað. Ef fólk gat ekki unnið, var veikt eða öðruvisi en aðrir, þá varð það utanveltu í samfélaginu. Það er erfitt að ímynda sér hvernig því fólki hefur liðið, sumir á sífelldu flakki á milli bæja, aðrir ómagar sem bjuggu oft við illan kost.

Í ljósi þess hvernig hver kynslóð miðlar af viðhorfum sínum og gildum, þá er ég uggandi vegna ástandsins í þjóðfélaginu eftir að kreppan skall á núna í október á nýliðnu ári. Líklegt er að ungt fólk tileinki sér gildi og viðhorf til samfélagsins, sem rekast harkalega á skilaboðin frá síðustu kynslóð. Hvað kemur unga fólkið til með að innræta börnum sínum? Ekki treysta bönkum, þeir stela bara af þér. Ekki treysta ríkisstjórn og stjórn-málaflokkum, sem lofa bara en gera ekkert til hjálpar fjölskyldunum í landinu. Hugsu bara um bestu sætin á Alþingi og bestu launin. Kosningaloforð eru bara til að svíkja.

Ekki treysta yfirvöldum né

dómskerfinu. Þau elta bara smákrimmana sem flestir eru langt gengnir fíklar að stela og ættu að dæmast í meðferð. Svo eru stórglæpamenn sem stela milljörðum af þjóðinni látnir eiga sig. Fáí þeir dóm, þá er sá dómur smávægilegur og þeir geta byrjað í bísniss á nýjan leik. Hvaða skilaboð eru þetta? Og þegar þau skilaboð stangast á við viðhorf foreldra, afa og ömmu, þá getur útkoman orðið óútreiknanleg.

Tveir helmar

Ævi mín hingað til hefur verið eins og margra annarra. Það hafa skipst á skin og skúrir eins og gengur. Verkefni lífsins hafa stundum verið erfið og flókin. Ég er þakklát fyrir þann fjölda af góðu fólki sem ég hef kynnst í gegnum tíðina.

Engir tveir eru eins, hver hefur sitt litróf. Margir eru mér minnisstæðir og ég dáist að sumu fólki. Sem krakka leið mér best hjá gömlu fólki, það var viturt, rólegt og hafði frá mörgu að segja. Enn finnst mér gaman að tala við elstu borgarana. Þeir búa yfir mikilli reynslu, sem þyrfti að skrásetja áður en það er of seint. Gamla fólkið kann mörg góð ráð í kreppunni, enda hefur það upplifað kreppu áður. Það ætti að koma saman öldungaráði varðandi ráð og lausnir.

Frá unga aldri hef ég haft á tilfinningunni að ég gengi við hlið annars heims, sem ég skynjaði, og stundum náði hann til mín með berdreymni og skynjunum varðandi annað fólk. Stundum gat ég fengið sömu verki og veikt fólk. Ég var myrkfælin. Þegar ég var krakki stríddu aðrir krakkar mér á því að ég talaði svo mikið við sjálfa mig. Maður segir eiginlega ekki frá

svona hlutum, en þeir valda mér oft öryggisleysi og stundum tímabundnum kvíða tengdum skýrum táknrænum draumum. Ég hef síðan kynnst þessum heimi, dvalið þar og séð þar marga sem er erfitt að útskýra. Ég hef reynt að hrinda þessu frá mér með deyfandi lyfjum og áfengi, en þá hef ég orðið þess vör að ég væri að þróa með mér sama sjúkdóm og lagði pabba og Árna bróður að velli.

SeSelia

Hvers vegna höfundarnafnið SeSelia? Því er auðvelt að svara. SeSelia er samansafn fjölda höfunda sem ég hef kynnst í gegnum tíðina og hafa miðlað til mín reynslu sinni, bæði leikir og lærðir. Margir hafa glímt við við alkóhólisma, fíkn af öllu tagi, meðvirkni, geðsjúkdóma, áföll og missi, líkamlega erfiða sjúkdóma, afleiðingar andlegs og líkamlegs ofbeldis, og svo framvegis. Öll hin samsafnaða reynsla ungra og aldinna og allt þar á milli spenn sterkan þráð í bókinni Nær en blærin. Til að miðla slíkri reynslu þurfti að búa til persónuna „mig“ – trúverðuga manneskju. Óhjákvæmilegt var því að sækja í minn eigin reynslubrunn. Manneskjan í bókinni tekst á við ýmsar viðhorfsbreytingar og verkefni, sem dýpka þroska hennar á lífsleiðinni.

Bókin flokkast sem handbók og því ættu margir að finna einhverja opnu í henni sem höfðar til þeirra. Frá upphafi hef ég hugsað að lesandinn geti skynjað og túlkað hverja mynd út frá eigin reynslu og skilningi. Minn texti er bara mín tjáning. Lesendur hafa sína tjáningu byggða á þeirra reynslu.

– *hlynur@bb.is*

Hér fara á eftir nokkur ummæli um bókina Nær er blærin eftir Jónínu S. Guðmundsdóttur. Til nánari fróðleiks má líta inn á vefsíðuna www.seselia.com.

Dr. Sigurlína Davíðsdóttir, dósent við Háskóla Íslands:

Ég las bókina alla í einni lesningu, fyrst og fremst af því að ég gat ekki lagt hana frá mér hálflesna. Þetta er afskaplega góð bók og vel skrifuð. --- Fjöldi manns á um sárt að binda vegna fíknar og annarra sjúkdóma, eigin og annars fólks, þessi bók á erindi til þeirra allra. Þarna er verið að tala um ferlið frá sjúkdómi til heilsu og ekkert dregið undan. Allar tilfinningarnar eru dregnar fram í dagsljósið og ræddar. Þessar tilfinningar eiga samsvörun hjá fjölda manns, sem þekkja eigin sögu á hverri blaðsíðu. Myndirnar gefa henni aukið gildi, gefa tækifæri til að ræða um tilfinningarnar sem vakna við lesturinn þannig að hver og einn geti komið orðum að eigin upplifun. Ég óska höfundi til hamingju með vel unnið verk.

Fríða Proppé:

Sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi til margra ára get ég mælt með þessari bók sem ég tel höfða jafnt til fíkla og aðstandenda þeirra. Meginboðskapur bókarinnar er að mínu mati fullvissan um að það er von, von um bata og betra líf.

Stefán Jóhannsson fjölskylduráðgjafi:

Ég átti því láni að fagna, að kynnast höfundi bókarinnar Nær er blærin þegar lífið virtist vera svo erfitt að nær ómögulegt virtist vera að vaxa frá því, sem var í fortíð og nútíð. Þrautarganga höfundar var með ólíkindum. --- Mér er hugsað til þeirra mörgu, sem gefist hafa upp á mótlæti lífsgöngunnar og hefðu verulega haft gagn af því að lesa þessa bók og hugleiða myndina sem fylgir hverjum kafla og sjá með því að vonin er oft handan við hornið. Það birtir upp um síðir þegar vel er að verið. - - - Ég mæli eindregið með þessari bók fyrir alla þá sem láta sig mannleg samskipti varða.

smáar

Til leigu er 94m² hús í Súðavík. Laust frá 1. mars. Upplýsingar í síma 661 2865.

Til leigu er 3ja herb. íbúð. Uppl. í síma 891 7997.

Til leigu er 64m² einbýlishús í Hnífsdal. Leigist fram í júní. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögnum og leigist þannig. Hægt er að semja um leigu fyrir allt tímabilið eða styttri tíma. Uppl. gefur Erna í síma 869 4566.

Til söl eru tvenn skíði, 165 cm og 171 cm og tvennir skíðaskór í stærðinni 43. Hafið samband í síma 866 5483 eða á netfangið lgj5@hi.is.

Til sölu eru fjögur nýleg 13" nagladekk. Verð kr. 8.000. Á sama stað er til sölu svarblá dragt nr. 38 á kr. 7.000 og fellihýsi með fortjaldi og húsgögnum. Verð kr. 550.000. Uppl. á arndis_bj@hotmail.com.

Sjóngler fannst fyrir utan Félagshéimilið í Hnífsdal. Uppl. í síma 869 2251 (Gunna).

Til sölu er Hyundai Starex árg. 2002, dísel, 4x4, 7 manna. Gott verð. Uppl. í síma 860 1998.

Til sölu er Chrysler Voyager árg. 2005, ekinn 86 þús. sjö manna, Isuzu Trooper dísel, sjálfskiptur, árg. 2000, ekinn 192 þús. km. (Gott verð) og Land Rover Discovery 3 árg. 2006, ekinn 50 þús. (Gott verð). Uppl. í síma 860 1998.

Til leigu er falleg, vel skipulögð og björt 2ja herb., 78m² íbúð á eyrinni á Ísafirði. Leigist frá 1. sept., til loka maí 2010. Leigist með nýlegum húsgögnum og jafnvel húsbúnaði og þvottavél. Stórar svalir. Meðmæli óskast. Uppl. í síma 867 6657.

Smáauglýsingasíminn er 456 4560.



Fyrirmyndar þorrablót í Holti

Þorrablót var haldið í Holti á laugardag en um það sjá íbúar

sveitarbæjanna í Öfundarfirði. Að sögn Björgvins Sveinssonar

frá Innri-Hjarðardal heppnaðist blótið ljómandi vel. „Það var góð

aðsókn og gestirnir virtust vera mjög ánægðir bæði með matinn sem var frá Strákunum Við Pollinn og skemmtiatriðin en þar fóru Jón Jens Kristjánsson og Arna Kristjánsdóttir á kostum, enda verður aldrei neinn svikinn af atriðum þeirra sem fjalla um sveitunga þeirra“, segir Björgvin og hann bætir við að blótið hafi farið vel fram. „Frá því að ég byrjaði að sækja blótin fyrir 20 árum hafa þau alltaf verið til fyrirmyndar og ég man ekki eftir einu einasta atviki þar sem kastast hefur í kekki.“

Að loknu borðhaldi léku Baldur og Margrét fyrir dansi. Þau tilkynntu að það yrði í síðasta sinn sem þau kæmu fram í Holti þar sem þau væru að hætta. „Það verður gríðarlegur missir ef svo verður því þau eru alveg frábær saman“, segir Björgvin.

Þorrablótið í Holti hefur verið haldið árlega með hléum frá því um miðja síðustu öld. Bæirnir í firðinum sjá um blótið til skiptis þannig að það stendur á endum að hver situr í nefnd annað hvert ár. Þá koma afkomendur og ættingjar blótshaldara gjarnan úr öðrum landshlutum til að blóta þorra með gömlum vinum og ættingjum í heimahögunum. Páll Öfundarson leit við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

Stjórnarskráin og kreppan

Stakkur skrifar

Í kreppunni, sem staðið hefur frá því Geir Haarde þáverandi forsætisráðherra bað Guð að blessa Ísland 6. október á fyrra ári, hefur margt verið sagt og sumt misvísandi. Sennilega mun íslensk þjóð komast að því fyrr en síðar að betra hefði verið að segja minna og vinna meira þegar stjórnmálmenn áttu í hlut. Skipt hefur verið um ríkisstjórn og sú sem nú situr hefur enn engu komið til leiðar af því sem potta- og pönnuglamrarar vonuðu. Fróðlegt verður að skoða úttekt sagnfræðinga framtíðarinnar á skríflátunum sem margir kalla byltingu. Skyldi það verða svo enn eina ferðina að byltingin éti börnin sín?

Margt hefur verið sagt um það hvernig bjarga eigi heimilum landsins, atvinnu og fyrirtækjum. En fátt hefur litið dagsins ljós. Gengi krónunnar hressist ekki með nýrri ríkisstjórn, sem enn hefur fátt sagt um það hvernig hún ætli að hrinda loforðum í framkvæmd. Sér þar ekki mun á nýrri og gamalli. Loðnuflotinn liggur bundin í höfn og sjómenn á þeim skipum eru tekjulausir líkt og útgerðirnar. En samt er helsta baráttumál ríkisstjórnarinnar að banna hvalveiðar, þótt þær veiti atvinnu og séu lögleg nýting auðlinda Íslands. Er það ef til vill svo að Íslendingar séu þegar farnir að lúta stjórn Evrópusambandsins um nýtingu náttúruauðlinda?

Ríkisstjórnin hefur að vonum miklar áhyggjur af skuldum heimilanna, eins og þeir sem reka heimilin og vita ekki fremur

en ríkisstjórnin sitt rjúkandi ráð þegar að því kemur að borga skuldirnar. En eitt gleymist, skuldir eins eru eignir annars og þær eignir líkt og aðrar njóta verndar stjórnarskrárinnar. Ef marka má loforðin verður slíkri hindrun ýtt til hliðar líkt og þegar neyðarlögin voru samþykkt í október, sem meðal annars bönnuðu að sækja mál á hendur gömlu bönkunum. Dómstóll komst að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að lagaákvæði sem bannar fólki og fyrirtækjum að sækja rétt sinn stenst ekki stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Mikið er rætt um stjórnlagabing og sjálfsagt að halda slíkt með tilheyrandi kostnaði þegar betur árar. Nú er mikilvægast í kreppunni að virða ákvæði stjórnarskrár, bæði þau sem vernda réttindi einstaklinga og önnur. Tal stjórnámálanna um að virða eignarrétt að vettugi með því að banna að menn og félög innheimti útistandandi skuldir með löglegum hætti hljómar einkennilega og hlýtur að leiða af sér enn meiri kreppu í viðskiptalífi og verður til þess að viðskipti innanlands verði að staðgreiða líkt og oftast er gerð krafa um varðandi innflutning til Íslands vegna þess að landið og þjóðin eru rúin trausti í margra augum.

Það gengur ekki að í kreppu gildi önnur mannréttindi en þegar vel gengur og allt tal um slíkt er fallið til þess að rýra tiltrú allra til lengri tíma litið. Stjórnarskráin stendur.


Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ástarfaraldri



1.500 krónur


Í tilefni af Ástarfaraldri
bjóðum við 100 íslenskar
ástarballöður á 5 diskum.



1.500 krónur



1.500 krónur



100
ÍSLENSKAR BALLÖÐUR

3.499 krónur



1.500 krónur

TILBOÐIN GILDA TIL 8. MARS

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Bloggið

Príeyki með leka

Þeir eru greinilega báðir haldnir slæmum lekanda. Flest ratar í blöðin og fréttir sem þeir ættu frekar að þegja um - þeir hreinlega leka - mígлека.

Davíð notar meiri kænsku, er manni sagt - nýtir sér blaðamenn Morgunblaðsins til að leka út fréttum á meðan Ólafur getur bara ekki þagað hreinlega bunar út úr honum af slíkum krafti að hann má hafa sig allan við að lagafæra lekann. Og ekki nóg með það - hans ektakona hún Dorrit bunar út úr sér svo líkja mætti við fruss.

Hvar endar þetta allt saman og er þetta hreinlega ekki heilsuspillandi fyrir þau sjálf og þjóðina alla?

Skiljanlegt er að Davíð skuli leka - hann er jú ennþá í pólitík og stýrir heilum stjórnmálaflokki og fyrrum ríkisstjórn. En þetta með hann Ólaf - það er öllu verra. Hann er á ofurlaunum við að halda kjafti um hluti sem snúa að pólitík - upp í hann verður að sparsla strax. Og frussíð um leið.

Þorleifur Ágústsson
<http://tolliaugustar.blog.is>

Staðlaður flokks- hestaáróður

Hvernig væri nú að þingmenn (aðallega Sjálfstæðisflokksins) hættu að fjöldaframleiða staðlaðan flokkshestaáróður eftir talpunktum frá flokkunum og færu að gera eitthvað gagn og endurreisa virðingu og áhrif Alþingis.

T.d. gætu þeir farið að dæmi breskra kollega sinn og kalla viðskiptajöfranna fyrir þingnefnd og yfirheyrt um hvernig standi á því að þeir hafi tapað þúsundum millj-árða sem Íslendingar og útlendingar hafi treyst þeim fyrir. Hversu miklu þeir hafi stassað á Tortóla, o.s.v.frv. [...]

Frumkvæði breskra þingmanna gerir ríkisstjórnina sífellt vandræðalegri. Gordon Brown og hans kónar voru og eru á kafi uppi í rassgatinu á bankamönnunum og reyna nú leynt og ljóst að leyfa vinum sínum að halda bónusakláminu þrátt fyrir að hafa þegið massífa ríkisaðstoð.

Kristinn Hermannsson
<http://stinnihemm.blogspot.com>

Birtir yfir Bessastöðum

...Þetta er mjög skemmtileg umfjöllun en reyndar lenda þau hjónin í nokkrum átökum sín á milli í viðtalinu. Ólafur margreynir að fá konu sína til að tala varlega og biðlar til blaðamanns að birta ekki það sem hún er að segja. Hún segir að svo mikið sé af húsum á Íslandi að engin hætta sé á að einhverjir missi heimili sín. Færi sig bara yfir í næsta hús, enda sé allt fullt af tómunum húsum. Nú og þeir sem eigi ekki fyrir brauði geti bara borðað kökur. Það þarf svona lausnir í dag.

Kannski þessi aðalþjóðlega hefðarkona gæti verið svona nokkurskonar „Guiding light“ okkar Íslendinga. Hún er greinilega mjög vel að sér í hagfræði og reyndar mjög vel tengt alþjóðlega. Ef til vill gæti hún tekið yfir í Seðlabankanum. Ekki bara að hún drekki te með Mrs. Brown í Bretlandi heldur er hún beintengd inn í innsta kerfi Alþjóðlega gjaldeyrissjóðsins.

Gunnar Þórðarsson
<http://vinaminni.blog.is>



Sorpbrennslan Funi í Engidal.

Stefna að sameiginlegu útboði á sorphirðu

Bæjarstjórar Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar og sveitarstjóri Súðavíkur hafa sammælt um að leggja til við sveitarstjórnir sínar bæjarfélags að stefna að sameiginlegu útboði á sorphirðu þegar núverandi samningur sveitarfélaganna rennur út. Á fundi framkvæmdastjóra sveitarfélaganna, sem var sá fyrsti síðan í júní 2005, var einnig rætt um verk-

efnastöðu sveitarfélaganna, rekstrarstöðu þeirra og hversu mikið yrði um svokallaðar mannafls-frekar framkvæmdir í þeirra sveitarfélögum í ár.

Töluvert verður um fjárfestingar hjá sveitarfélögunum sem og viðhaldsframkvæmdir, m.a. vegna gerð snjóflóðavarna í Bolungarvík og jarðganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Þá

verður farið í vega- og brúarframkvæmdir og ýmsar aðrar viðhaldsframkvæmdir. Á fundinum var einnig rætt um hvernig standa ætti að refaveiðum í sveitarfélögunum. Tvær leiðir munu vera í boði, annars vegar óbreytt ástand eða að veiðunum yrði skipt t.d. eftir landfræðilegri stærð sveitarfélaganna. Engar ákvarðanir voru teknar um veiðarnar á fundinum.

Breyting á álestri mæla

Um áramótin urðu þær breytingar hjá Orkubúi Vestfjarða að rafveitusvið og orkusvið hættu svokölluðum eftirlitsálestri. Framvegis verður aðeins lesið af orkumælum einu sinni á ári í samræmi við reglur Orkustofnunar en þar segir: Lesa skal á rafmagnsmæla árlega og annast dreifiveitan það ýmist sjálf eða felur notendum

að lesa á mæla og tilkynna dreifiveitunni um mælisstöðuna. Þó er dreifiveitum skylt að senda fulltrúa sína til að lesa á rafmagnsmæla að minnsta kosti fjórða hvert ár.

Dreifiveita les á rafmagnsmæli á fjögurra ára fresti í það minnsta eða ef notandi skiptir um raforkusala eða ef notandi flytur úr íbúð

eða húsi eða ef skipt er um rafmagnsmæli. Hafi notendur grun um að áætlun sé röng eða vilja koma álestri til dreifiveitu er hægt að senda inn álestur til Orkubúsins símléiðis eða gegnum heimasíðu fyrirtækisins og smella á eyðublöð og tilkynning um álestur.

– birgir@bb.is

Hræðist ekki formannsslag

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, hefur í hyggju að gefa kost á sér sem formaður flokksins á landsþingi flokksins um miðjan mars. „Ég hafði ekki hugsað mér annað. En vika er langur tími í pólitík,“ sagði Guðjón Arnar í samtali

við visir.is. Guðjón segist ekki hræðast slag um formannsembættið. Guðjón hefur lítið um brotthvarf Jóns Magnússonar að segja, en Jón tilkynnti í síðustu viku að hann hefur sagt skilið við Frjálslynda flokkinn.

„Jón gaf ekki kost á neinni

umræðu,“ segir Guðjón. Guðjón hefur verið formaður Frjálslynda flokksins frá árinu 2003 en hann var fyrst kjörinn á þing í kosningunum 1999. Hann var varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins á árunum 1991 til 1995.

– thelma@bb.is

Skrifað undir samstarfssamning um Viðskiptasetur á Ísafirði

Skrifað var undir samstarfssamning á milli þeirra aðila sem sjá um rekstur nýs viðskiptaseturs á Ísafirði í Háskólasetri Vestfjarða á föstudag. Viðskiptasetrið verður opnað 6. mars á vegum Impru á Nýsköpunarmiðstöð í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða og Vinnumarkaðsráðs Vestfjarða með stuðningi Vaxtarsamnings Vestfjarða og Pennans. Setrið sem hlotið hefur nafnið Eyrin, verður til húsa í Vestrahúsinu. Þar verður aðstaða fyrir 4-6 frumkvöðla til að byrja með. Markmiðið með viðskiptasetrinu er að skapa frumkvöðlum þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna.

Það sem felst í aðstöðu á viðskiptasetri er leiga á skrifstofuhúsnæði gegn vægu gjaldi, aðgangur að fundarherbergjum, þjónusta móttöku og símsvörunar, fagleg ráðgjöf og stuðningur



Frá undirskrift samningsins. Neil Shiran Þórisson frá, Guðrún Stella Gissurardóttir, Peter Weiss, Arna Lára Jónsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Impru á Nýsköpunarmiðstöð og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og skapandi umhverfi og öflugt tengslanet fyrirtækja og starfsmanna Impru og Atvest.

Inntökuskilyrði eru: Að fyrir liggi drög að viðskiptaáætlun vegna reksturs eða stofnunar fyr-

irtækis. Að fyrir liggi starfsáætlun um starfsemi frumkvöðulsins meðan á verunni í setrinu stendur. Að viðkomandi geti sýnt fram á greiðslu fyrir aðstöðuna. Að viðskiptahugmyndin hafi verulegt svæðisbundið nýsköpunargildi og sé ekki í beinni samkeppni á

svæðinu. Að til staðar sé geta og færni til að vinna að úrlausnum viðskiptahugmyndarinnar. Að rekstraraðili virði almennar umgengnisreglur viðskiptaseturs og Vestrahúss. Að viðkomandi skrifi undir trúnaðarsamning gagnvart öðrum fyrirtækjum á

setrinu. Viðskiptasetur er ekki ósvipað frumkvöðlasetrum. Nýsköpunarmiðstöðvar, en ekki er gerð eins sterk nýsköpunarkrafa. Impru á Nýsköpunarmiðstöð rekur nú þegar 5 viðskipta- og frumkvöðlasetur; í Keflavík, á Höfn í Hornafirði auk þriggja í Reykjavík.

Stefnt að útimarkaði fyrir farþega skipa

Hugmyndir eru uppi um að koma á fót útimarkaði í Ísafjarðarbæ sem beint yrði sérstaklega að farþegum skemmtiferðaskipa. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið atvinnuálanefnd í samstarfi við umhverfisfulltrúa, hafnarstjóra og upplýsingafulltrúa að kanna möguleika og framkvæmd þess. „Ef þetta reynist fýsilegt ætti að stefna að framkvæmd strax í sumar“, segir í bókun nefndarinnar. Um gæti verið að ræða útimarkað þar sem bændur, listamenn og aðrir bæjarbúar gætu

selt afurðir sínar.

Komur ferðamanna með skemmtiferðaskipum aukast með hverju ári. Nú þegar hafa hátt í 30 komur skemmtiferðaskipa verið tilkynntar til Ísafjarðarhafnar í ár. Heildarfjöldi farþega sem áætlað er að komi með skipunum er 17.738 manns. Stefnir því í metár í komu skemmtiferðaskipa en til samanburðar má nefna að á þessu ári var heildarfjöldi skemmtiferðaskipa sem lögðu leið sína til Ísafjarðar tuttugu talsins.

– thelma@bb.is



Komur ferðamanna með skemmtiferðaskipum aukast með hverju árinu.

Samfylkingin auglýsir eftir fólki

Samfylkingin í Norðvesturkjördæmi leitar að dugandi fólki úr ýmsum starfsgreinum, kjörgengum konum og körlum sem vilja gefa kost á sér á framboðslista og vinna samkvæmt bestu samvisku og eigin sannfæringu að hugsjónum jafnaðarstefnunnar á Alþingi Íslendinga fyrir hönd íbúa Norðvesturkjördæmis og íslensku þjóðarinnar.

Kjördæmaþing verður haldið í Borgarnesi 21. febrúar en þar verður meðal annars tekin endanleg ákvörðun um hvernig verður valið á framboðslista. Þar býðst frambjóðendum einnig kostur á að kynna sig og sín stefnumál. Dagskrá kjördæmaþings má finna á www.samfylking.is og www.xsnv.blog.is.

Frekari upplýsingar veitir formaður kjördæmisráðs, Eggert Herbertsson, GSM: 617-8306 eða í netfang nordvestur@xs.is.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur auðsýnda samúð og virðingu í veikindum og við andlát okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Theodoru Kristjansdóttur
Bakkavegi 13, Hnífsdal

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á blóðlækningadeild 11G á Landspítalanum við Hringbraut. Guð blessi ykkur öll.

Halldóra Elíasdóttir	Guðmundur Kr. Thoroddsen
Sigríður Inga Elíasdóttir	Svavar Geir Ævarsson
Finnbjörn Elíasson	Gyða Björg Jónsdóttir
Guðmunda Elíasdóttir	Fríðrik Óttar Fríðriksson

Litlir sprotar geta orðið að stórum fyrirtækjum

Rúmt ár er frá því að Impru á Nýsköpunarmiðstöð opnaði starfsstöð á Ísafirði og þar starfa tveir verkefnisstjórar; Arna Lára Jónsdóttir og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir. Á þessu fyrsta ári Impru, sem er einn sproti Nýsköpunarmiðstöðvarinnar, hefur fjölmörgum verkefnum verið hleypt af stokkunum og eru fleiri í bígerð. Þar ber einna hæst um þessar mundir stofnun nýs viðskiptaseturs á Ísafirði sem hlotið hefur nafnið Eyrin.

Arna Lára Jónsdóttir er stjórn-málafræðingur að mennt og starf-aði áður hjá Atvinnuþróunarfé-lagi Vestfjarða. Sigríður Ó. Krist-jánsdóttir er viðskiptafræðingur og var verkefnisstjóri hjá Háskóla-setri Vestfjarða áður en hún var ráðin til Impru. Bæjarins besta forvitnaðist nánar um starfsemi Impru og hins nýja viðskiptaset-urs.

– Hvert er hlutverk Impru á Ísafirði?

„Impru er deild innan Nýsköp-unarmiðstöðvar Íslands sem hef-ur það hlutverk að styðja við frumkvöðla og sprota á ýmsan hátt. Stuðningurinn felst meðal annars í námskeiðum og alls kyns styrkjaverkefnum sem felast bæði í beinum peningaúthlutun-um og öðrum stuðningi“, segir Sigríður.

„Við leggjum mikla áherslu á það að handleiða frumkvöðla og fyrirtæki, fólk kemur til okkar og við leiðbeinum þeim í rétta farveginn. Það er okkar megin-hlutverk og svo reukum við nokk-ur stuðningsverkefni. Til dæmis erum við með verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu og ýmis verkefni sem snúa sérstak-lega að konum, bæði þá Brautar-gengi og verkefni fyrir konur sem vilja fara í útrás með verkefni sín, Konur í Útrásarhug.

Við störfum bæði svæðisbund-ið og á landsvísi. Okkur hefur fundist mikill styrkur í því þar sem að það þýðir að við erum ekki of einangraðar heldur fáum líka heildarsýn“, segir Arna Lára.

– Starfstöðin á Ísafirði er í góðu samstarfi við aðrar stöðvar sem eru víða um land.

„Impru rekur starfsstöðvar á Ísafirði, Akureyri, Höfn í Horna-firði og í Vestmannaeyjum auk þeirrar stöðvar sem er í Reykja-vík. Í vinnslu er að opna starf-stöðvar á Sauðárkróki, Húsavík og Egilsstöðum. Tengslanetið nær því um allt land og fólk sem er að huga að nýsköpun, hvort

sem það er innan starfandi fyrir-tækis eða verið er að koma ein-hverju nýju á fót, á að geta leitað til Impru alls staðar á landinu. En verkefni hverrar stöðvar fyrir sig eru bæði staðbundin og að einhverju leyti á landsvísi“, segir Sigríður.

– Rúmt ár er síðan Impru tók til starfa á Ísafirði. Er eitthvað sem stendur upp úr hjá ykkur á árinu?

„Þetta hefur verið ofsalega skemmtilegur tími og það hefur verið mjög mikið að gera. Gaman er að vinna í svona frjóu umhverfi þar sem fólk er að koma til okkar með alls kyns hugmyndir. Við erum í stöðugu sambandi við bjartsýnt fólk sem gefur manni mikið persónulega.

Við höfum verið að prufu-keyra þróunarverkefni sem er mjög skemmtilegt og nú síðustu vikurnar höfum við verið að und-irbúa opnun viðskiptaseturs sem er líka mjög spennandi. Við ætl-um að opna setrið 6. mars í Vestra-húsinu“, segir Arna Lára.

„Við erum byrjaðar að auglýsa og kynna viðskiptasetrið og þeir sem eru að vinna að viðskipta-hugmyndum og vantar aðstöðu geta því sótt um hjá okkur. Við förum fram á að fólk sé að vinna að sinni eigin viðskiptahugmynd og hún má ekki vera í beinni samkeppni við annað sem er á svæðinu. Það þarf því að vera fólgin svæðisbundin nýsköpun í því sem fólk er að gera“, segir Sigríður.

„Í fyrstu höfum við pláss fyrir fjóra til fimm frumkvöðla en við sjáum fram á að geta stækkað eitthvað út frá því í framtíðinni, ef það verður það mikil eftir-spurn“, segir Arna Lára.

„Við viljum vitaskuld að sem flestir frumkvöðlar séu starfandi hér. Við köllum þetta viðskipta-setur frekar en frumkvöðlasetur þar sem krafan um nýsköpun er ekki eins mikil og í frumkvöðla-setrunum í Reykjavík og í Eldey á háskólasvæði Keilis á Reykja-nesi. Grunnhugmyndin með við-skriptasetrinu er sú að frumkvöðl-ar geti fengið aðstöðu þar til verk-efni þeirra eru komin það langt á veg að þeir geti borgað leigu á almennum markaði. Leigan byrj-ar mjög lág en eftir því sem veltan eykst hjá fyrirtækjunum hækkar hún“, segir Sigríður.

„Viðskiptasetrið er mjög sam-bærilegt Kvosinni og Torginu sem Nýsköpunarmiðstöð hefur komið á fót í Reykjavík. Þetta er



Sigríður Ó. Kristjánsdóttir og Arna Lára Jónsdóttir.

tækifæri fyrir fólk sem lengi hef-ur gengið með hugmyndir að koma boltanum af stað. Þarna mætir það bara í vinnuna á morgnana og vinnur að sínum hugmyndum og lætur þær verða að veruleika.

Setrið er verkefni sem Impru er að vinna í samstarfi við At-vinnuþróunarfélag Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða með fjárhagslegum stuðningi Vaxtar-samnings Vestfjarða, Vinnu-markaðsráðs Vestfjarða og Penn-ans“, segir Arna Lára.

„Nýsköpunarmiðstöðin rekur setrið og útvegar því starfsfólk ásamt Atvinnuþróunarfélaginu“, bætir Sigríður við.

– Hvernig sjáið þið framhaldið með viðskiptasetrið?

„Við höfum fjármagn til tveggja ára til að byrja og vonumst auð-vitað til að þetta geti gengið leng-ur. Við vonumst einnig til að fá inn með tímanum fjölbreyttari frumkvöðla en til að byrja með verður þarna aðstaða fyrir þá sem sitja við borð og tölur við sína

vinnu. Það eru uppi hugmyndir um möguleika á aðstöðu fyrir fjölbreyttari tegundir frumkvöðla-starfsemi og við hvetjum fólk til að koma og spjalla við okkur sé það með hugmyndir, því við gæt-um verið með lausnir til að skoða fyrir þá sem eru með öðruvísi rekstur“, segir Sigríður.

Sigríður og Arna Lára segja að mjög spennandi tímar séu framundan hjá Impru.

„Nýsköpun er aðal orðið um þessar mundir og við þurfum skapa nýja hluta og nýrra leiða til að afla gjaldeyris inn í þjóðfé-lagið. Mjög mikilvægt er því að það fari af stað ný starfsemi. Við höfum séð hvað getur orðið úr litlum sprotum eins og 3X-Stál, Villimey, Fossadal og eins og var með Póls. Sprotar geta vaxið og orðið að stórum fyrirtækjum. Við Vestfirðingar eigum mikið af góðum sprotafyrirtækjum og það skiptir mjög miklu máli að hlúa vel að þeim á meðan þau eru að fara af stað til þess að þau geti stækkað og orðið að ein-

hverju“, segir Sigríður.

„Við viljum því skapa þetta umhverfi til þess. Við sjáum líka gríðarlegan styrk í því að hafa setrið í Vestrahúsinu í tengslum við allar þær stofnanir sem þar eru. Það er því stutt að leita ef fólk þarf á sérfræðiaðstoð að halda. Þetta er gríðarlega frjótt umhverfi sem gott er fyrir frum-kvöðla að komast í“, Arna Lára.

– Eitthvað að lokum?

„Við hvetjum alla þá sem eru í nýsköpunarhugleiðingum að leita til okkar eða a.m.k. að kíkja inn á heimasíðu Impru, sem er á slóðinni nmi.is/impru, og afla sér upplýsinga“, segir Sigríður.

„Það þarf ekki nema eitt samtál til að boltinn fari að rúlla og ef við getum ekki aðstoðað þá erum við með gríðarlega sterkt tengsla-net í kringum okkur og getum því vísað fólki áfram ef þess þarf. Það er einmitt styrkurinn í því að vera svona dreifð út um allt land, því hjá Impru er saman komin ótrúleg þekking úr hinum ýmsu atvinnugreinum“, segir Arna Lára.

20% afsláttur

Saltkjöt valið
Kjötborð
1.358 kr/kg
Verð áður 1.698 kr/kg

30% afsláttur

Saltkjöt blandað
Kjötborð
629 kr/kg
Verð áður 899 kr/kg

Lækkað verð!

25% afsláttur

Grísahryggur 1/2
1.049 kr/kg
Verð áður 1.398 kr/kg

25% afsláttur

Grísabógur, ferskur
623 kr/kg
Verð áður 830 kr/kg

30% afsláttur

Kjötfars
Kjötborð
459 kr/kg
Verð áður 655 kr/kg

50% afsláttur

Coop ávaxtate eða svart te
149 kr/pk.
Verð áður 298 kr/pk.

50% afsláttur

Tex Mex kjúklingavængir
225 kr/kg
Verð áður 449 kr/kg

30% afsláttur

X-tra flögur m/salti 400g
272 kr/pk.
Verð áður 389 kr/pk.

Grillaður kjúklingur franskur og 2l Coke

1.298 kr.


Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag

www.marknottun.is

Gildir 19. - 22. febrúar
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

ÍSAFJÖRÐUR



Fingralangir græða meira

Vísindamenn hafa komist að því, að fingralangir verðbréfabraskarar ná mun betri árangri í starfi en fingrastuttir. Hér er þó ekki átt við þá merkingu orðsins „fingralangur“ þegar talað er um þjófótta menn heldur bókstaflega merkingu þess. Og raunar gildir þetta aðeins um einn fingur á hvorri hendi – lengd baugfingurs í hlutfalli við lengd vísifingurs. Því lengri sem baugfingurinn er í samanburði við vísifingurinn, þeim mun betur gengur braskið með verðbréfin. Þessi rannsókn var gerð við háskólann í Cambridge á Englandi. Skoðaðir og mældir voru fingur á 44 verðbréfabröskurum, sem þurftu að vera eldsnökkir að taka ákvarðanir um kaup og sölu, og síðan var fylgst með starfi þeirra og árangri í tuttugu mánuði. Niðurstaðan var eindregin og óvæfengjanleg. Því lengri sem baugfingurinn var, þeim mun meiri var gróðinn. Og öfugt.

Hlutfallsleg lengd fingra ákvarðast þegar á fösturstigi og mótast af hlutföllum kven- og karlhormóna í föstrinu. Því sterkari sem karlhormónin eru, þeim mun lengri verður baugfingurinn í hlutfalli við aðra fingur. Þessi hlutföll hafa líka áhrif á heilastarfsemina og eðliseigindir og hegðunarmynstur einstaklingsins þegar hann vex úr grasi.

Allt er þegar þrennt er

Nú hefur fyrirtæki í Bandaríkjunum ráðið bót á þeim al-genga vanda að annar sokkurinn tínist í pari. Lausnin er sú að selja þrjá sokka á verði tveggja svo að sokkaeigandinn eigi aukasokk þótt svo að einn glatist. Á vefsíðu fyrirtækisins Throx segir að handritshöfundurinn og leikstjórinn Edwin Heaven frá San Fransisco hafi uppgötvað þessa snilldarlausn á hinum vel kunna vanda. Er þar uppgötvuninni lýst sem mest spennandi tríói síðan The Jimi Hendrix Experience var og hét. „Ímyndaðu þér þetta: Þú hefur lokið við vikulega þvottinn og ert að para sama sokka þegar þú uppgötvar að einn eða fleiri hafa horfið á dularfullan hátt. Hljómar þetta kunnuglega? Nú þarftu ekki að hafa áhyggjur af þessu lengur því snjall hugvitsmaður frá San Fransisco hefur komið með frumlega lausn á þessu pirrandi fyrirbæri“, segir á trox.com.



Óstöðugur tennisvöllur

Á þessum tennisvelli má ekki mikið út af bera til að boltinn tapist að eilífu. Kapparnir sem hér eigast við munu þó hafa

utan úr heími

efni á því að týna nokkrum boltum án þess að það hafi veruleg áhrif á afkomu þeirra. Það eru þeir Rafael Nadal og Roger Federer, sem hér spila á dálítið óstöðugum tennisvelli í Qatar við Persaflóa.



Handtaka

Nei, þetta er ekki vígvöllur. Ræningjagengi liggur á grúfu eins og hráviði handjárnað fyrir aftan bak á götu í Foshan í Guangdong-héraði í Kína. Vegfarendur fylgjast með þessum sérstæða viðburði um hábjartan dag. Glæpatíðni hefur aukist gríðarlega í Kína á síðari árum.



Veiðiörn

Taminn steinörn ræðst á ref á steppum Kasakstans í Asíu, skammt frá Karkaralinsk í miðju landinu. Örninn læsir klónni um trýni refsins áður en hann gengur frá honum. Veiðar með örnnum er þjóðarsport Kasaka og ár hvert koma veiðimenn úr öllu landinu saman á meistaramót. Steinörninn var fyrrum útbreiddur víða um Evrópu en finnst þar nú einkum í fjallahéruðum.

Heilsusamlegur veislumatur

Sælkeri vikunnar býður upp heilsusamlega veislumáltíð. Fyrri uppskriftin er að matarmikilli sjávarréttasúpu og er boðið upp á brauðbollur með. Einnig býður Sólveig Bessa upp á skýrrétt sem hún segir að sé sívinsæll og auðvelt að útfæra eftir efnunum og tilefni.

Matarmikil sjávarréttasúpa

- Fyrir sex*
300-400 g sjávarfang (t.d. rækjur, lax, þorskur)
1 stk laukur
4-5 stk hvítlauksrif
½ msk rífið ferskt engifer
1-2 stk gulrætur
1-2 stönglar sellerí
½ stk blaðlaukur
400 ml hakkaðir tómatar í dós
400 ml kókosmjólk
1 l vatn
1 msk karri
Cayenne-pipar af hnífsoddi
1 dl mangó-jalapeno-sósa
Góð skvettá ólífuolía
2-4 msk fiskkraftur
½ búnt söxuð fersk steinselja (eða þurrkað)
¼ búnt saxað ferskt estragon (eða þurrkað)
Sjávarsalt og pipar úr kvörn

Byrjið á að flysja, snyrta og þvo allt grænmeti. Saxið lauk,

blaðlauk, gulrætur og sellerí nokkuð gróft, samt þannig að bitarnir passi huggulega í súpu-skeiðina og fari vel í súpunni. Kremjið hvítlaukinn og saxið fínt.

Skellið öllu grænmetinu í pottinn og leyfið því að krauma næstu 3-4 mínúturnar í olíu, eða þar til það verður mjúkt og glansandi. Bætið saman við karrídufti og

en ekki endilega láta hana sjóða meir. Rækjunum er svo bætt sam-anvið nokkrum mínútum fyrir framleiðslu. Smakkið til með sjávarsalti og pipar eftir smekk.

Brauðbollur með súpunni

- 6 dl mjólk og heitt vatn
1 bréf ger
1/1 dl olía
½ tsk salt



leyfið að krauma áfram í tvær mínútur. Hellið tómötum og kókosmjólk yfir grænmetið með vatni, mangó-jalapeno-sósu og cayenne-pipar ásamt fisk-krafti. (Gott að mauka tómataana í mix-ara). Leyfið suðunni að koma rólega upp og látið súpugrunninn sjóða mjög rólega undir loki í 20-30 mínútur. Farið varlega með cayenne-piparinn, hann gefur mjög heitt bragð sem ekki allir hafa smekk fyrir, betra að setja lítið fyrst og auka svo við.

Skerið hráan fiskinn í bita og saxið kryddjurtirnar niður.

Bætið því svo saman við súpu-una 15-20 mínútum fyrir fram-reiðslu, haldið súpunni vel heitri

1 lítil dós kotasæla

Mjöl að eigin ósk og eftir þörf-um (t.d. hvítt hveiti, heilhveiti og/eða spelt)

Setjið volgt mjólkurblandið í hrærivélaskál, ger, olía, kotasæla og salt blandað saman við. Gerinu aðeins leyft að blotna í 2-3 mín. Hveitinu helt saman við um leið og hrært er rólega saman, þar til deigið er orðið passlegt, ekki of blautt en ekki of þykkt. Nú er hveiti stráð yfir og deigið losað frá börmum.

Stykki breitt yfir og látið hefast í 30-40 mín á volgum stað.

Deiginu hvolfst á borð, hnoðað upp í það hveiti ef þarf. Mótaðar



Sælkeri vikunnar er Sólveig Bessa Magnúsdóttir í Öfundarfirði.

Þetta er Sólveig Bessa Magnúsdóttir í Öfundarfirði. Þetta er Sólveig Bessa Magnúsdóttir í Öfundarfirði. Þetta er Sólveig Bessa Magnúsdóttir í Öfundarfirði.

Skýrréttur

- 1 pakki Haust- eða Homeblest-kex
2 egg og 1/2dl sykur þeytt saman
Vanilludropa (má sleppa)
½ l rjómi
500 g skyr , t.d. jarðaberja, hindberja eða vanillu
6 bl. matarlím 2-3 msk vatn (má sleppa)
1 dós hindberjasósa eða ferskir ávextir

Kexið mulið og sett á botn á eldföstu móti. Egg og sykur þeytt saman. Skyrinu blandað saman við. Rjómi þeyttur og blandað saman við. Matarlímið leyst upp í vatni yfir vatnsbaði, sett smá mjólk út í ef þarf, kælt og hellt varlega út í hræruna. Hrært í meðan. Öllu hellt yfir kexið í skálinni og látið kólna eða jafnvel fryst.

Hindberjasósunni hellt yfir eða ferskum ávöxtum dreift yfir fyrir framleiðslu. Berist fram vel kalt eða jafnvel hálf frosið.

Ég skora á vinkonu mína Hugrúnu Kristinsdóttur Veðrará í Öfundarfirði sem næsta matar-gúru.

tækni og vísindi

Sjálfstraust og velgengni


Vísindamenn eru sífellt að finna upp hjólið á nýjan leik, hver í sinni grein. Þannig virðast það ekki vera nein ný sannindi sem þýski sálfræðiprófessorinn Astrid Schütz boðar um þessar mundir og þykja vist merkileg: *Sá sem hefur gott sjálfstraust nær betri árangri en sá sem efast um eigin getu.*

Þessu má líka snúa við, saman-ber íslenska spakmælið gamla: *Vex hugur þá vel gengur.*

Teiknimyndahetjan Stjáni blái (Popeye) segir: *Ég er það sem ég er, og það er allt og sumt.* Hann er sáttur með þá hæfileika sem hann hefur og einbeitir sér að því að nýta þá vel. Sumsé raunsæis-maður.

Langt er síðan Henry Ford mælti hin fleygu orð: *Hvort sem þú trúir að þú getir eitthvað eða trúir að þú getir það ekki, þá hefurðu í báðum tilvikum rétt fyrir þér.* Var hann þó bílasmiður en ekki sálfræðingur en segir efnislega það sama og sálfræðingurinn, bara miklu betur.

Myndin er af málverki eftir



Vincent van Gogh. Maðurinn á stólnum geislar vissulega ekki af

sjálfstrausti og sýnist ekki lík-legur til mikilla afreka.

Draumurinn að ná á Ólympíuleikana

Elena Dís Víðisdóttir er mjög efnilegur sundkappi hjá Sundfélaginu Vestra og und-anfarin misseri hefur hún slegið hvert metið á fætur öðru og bætt á sig verðlauna-grípum. Til að mynda sló Elena Dís Víðisdóttir met í öllum sínum sundum á meta-móti sundfélagsins Vestra á Ísafirði fyrir jólin eða í 50m skrið, 100m flug og 100m skrið þar sem hún bætti 22 ára gamalt met Ernu Jóns-dóttur fyrrum sundmanni úr UMFB. Elena synti á 1:04:63 en gamla metið var 1:06:30 og er þessi tími hennar einn af allra bestu tímum Íslands-sögunnar fyrir 12 ára stelpu.

–Hvenær byrjaðir þú í íþróttinni?

„Ég byrjaði þegar að ég var 6 ára.“

–Hvað er það við íþróttina sem hrífur þig?

„Skemmtilegur félagsskap-ur og mér finnst gaman í sundi.“

– Hversu oft þarftu að æfa á viku?

„Ég æfi 6 sinnum í viku svo er sumarfríð“

– Hvað er það sem drífur



Elena Dís Víðisdóttir.

þig á æfingar þegar dagarnir koma þar sem maður vill bara slappa af?

„Æfingin skapar meistar-ann.“

–Hvert er næsta markmið í íþróttinni?

„Ná lágmarki inn á ÍM 50 (Íslandsmeistaramót í 50 metra laug innskot blaða-manns).“

– En hvert er drauma-markmiðið?

„Ná á Ólympíuleikana og Ólympíu leika æskunnar.“

–Ertu í einhverjum öðrum íþróttum?

„Ég er líka nýbyrjuð að æfa gönguskíði.“



Fróðleiksmoli:

Á síðasta ári voru heimsendir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs u.þ.b. 1.000.000.

Með þeim fjölda væri hægt að þekja 63.000 fermetra svæði eða t.d. gólfliót Kringlunnar 6,5 sinnum.

Önnur rafræn þjónusta:

- Greiðslumat
- Lánsúmsókn
- Þjónustubeiðnir
- Greiðsluferfiðleikaúrræði

Rafræn og vistvæn

Allt rafrænt

Þann 1. janúar urðu allir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs rafrænir. Rafrænir seðlar birtast í öllum heimabönkum.

Vilji viðskiptavinir fá heimsendan greiðsluseðil þarf að óska eftir því í þjónustuveri eða á vefsíðu Íbúðalánasjóðs.

Í þágu umhverfisins

Framlag Íbúðalánasjóðs til umhverfisins er að draga úr pappírnotkun og auka rafræn viðskipti.

Kynntu þér málið:

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 // 800 6969

Íbúðalánasjóður hefur fyllt niður sinn hluta seðilgjaldsins.
Eftir standur 75 kr. greiðslugjald sem bankar og sparisjóðir
innheimta fyrir greiðslumiðlun.


Íbúðalánasjóður